Ved Efterbestilling
bedes nedenstaaende
Coupon benyttet.
S. F. No. 440

# Fundargjörð

Hin venju legu vorhreppaskil vóru haldin
á Rip. í dag 16 júni 1922 og vorhrepps
fundur haldinn á eptir. og þetta tekið
fyrir.

1. Kosnir tveir menn í hreppsnefnd
kosningu hlutu Guðmundur Ólafsson
Ási með 13 atk. og Sig. Þórðarson
Egg með 10 einig fengu af Korði
Saddir.

2. Talað um vega vinnu. og kom fund-
inum saman um að vinnan eins og að
undanförnu væri ókeypis og vildi láta
leggja vinnuna í sjóð þar til búið væri
að koma sjer niður á í staðinn veg. um
hreppinn

Rip 16 júni 1922
Sig. Þórðarson

Árið 1922 þann 29 okt var niðurjöfnunar-
fundur hreppsnefndarinnar haldinn að Ósi.
nefndin var öll mætt. og tekið fyrir.
1. Jafnað niður Kr. 1456,53 á 55 gjaldendur, og að
mikluleiti stuðst við skattaskrá hreppsins. þar
sem engar fastar reglur væru fyrir hendi.
2. Jónasi bónda Jónssyni í Hrísarsdal veittar kr 115,00
úr Ellistirktarsjóði hreppsins.
og Maríu Jónsdóttir í Ósi veittar kr 20.00
af sama sjóði.
3. Gjaldkjera Sig. Þórðarsyni á Egg heimilað
3% af fyrir innheimtu útsvaranna.
4. Ásgrími Einarssyni í Ósi falin endurskoðun
hreppsreikningsins. fyrir árið 1921-22.
Fleira ekki fyrirtekið og fundi slitið

Guðm. Ólafsson
Benedikt Halldórsson Sig. Þórðarson

Árið 1923 hinn 6 janúar var aukafundur hr.
nefndarinnar haldinn að Ríp. tilefni fundar-
ins voru útsvarskærur 6 gjaldenda.
Fyrir var tekið
1. Útsvarskæra Árna Sigurðssonar í Keldu-
eptir all ítarlegar umræður, sem ekki gáfu
nefndinni neinar ábyggilegar upplýsingar
til lækkunar á útsvarinu. þá úrskurðaði
nefndin að útsvar kærandans standi óbreytt
og Sigurlaugar Sigurðardóttir í Keldudal
sömuleiðis, en útsvar Sigurðar Þórðar-
sonar á Egg lækki um kr. 12,61. upp í kr. 137,11
2 Tekin fyrir útsvarskæra Páll Björnssonar
í Búngarði. Þar sem kærandinn fer
fram á að útsvar sitt sé lækkað af
þeirri ástæðu, að tekjuskattur sinn sé
of hár á skattaskrá samkvæmt úrskurði
yfir skattanefndar, þá telur hreppsnefndin
sig enga heimild hafa til að breita skattinum
og úrskurðar því að útsvar Páls Björnssonar
í Búngarði standi óbreitt!
3. Tekin fyrir útsvarskæra Hróbjartar á Hellu-
landi. þar sem kærandinn við umræðurnar

gaf þær upplýsingar sem nefndinni þykir rjett að taka til greina, þá úrskurðar hún að útsvar kæranda lækki um kr. 4,13. en útsvör samanburðarmanna hans standi óbreytt.

4. Tekin fyrir útsvarskæra Rafns Sveinssonar í Egilsstaðarholti Þar sem málsvari hans gaf upplýsingar um skuldir sem nefndinni vóru ekki kunnar þá úrskurðaði hún að útsvar kæranda lækki um kr. 6,80 eða ofan í kr 23,20.

5 Tekið fyrir útsvarskæra Ólafs Sigurðssonar á Hellulandi, um kæruna urðu töluverðar umræður, sjerstaklega um breytingu á skattstofnum, og álagningaraðferð sem kærandi stingur uppá, sem nefndin telur ekki til bóta, og ekki era í samræmi við reglur þær sem sýslunefndin samþykti á síðasta aðalfundi.

Þar sem kærandi hvorki krefst lækkunar á sínu útsvari eða hækkunar á útsvörum samanburðarmannanna, úrskurðar nefndin að útsvar kæranda standi óbreytt og sömuleiðis samanburðarmanna hans

6. Tekin fyrir kæra Ólafs Jósafatssonar í Garði Þar sem kærandi gaf engar þær upplýsingar sem nefndinni þætti takandi til greina og hann krefst ekki lækkunar á útsvarinu eða hækkunar samanburðar m. sinna, þá úrskurðar nefndin að útsvar kæranda standi óbreytt, og samanburðarmanna hans sömuleiðis.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi því slitið

sama dag og áður greinir

Guðm. Ólafsson
B. Halldórsson Sig Þórðarson

Árið 1923 19–21 nóv var niðurjöfnunarfundur hreppsnefndarinnar haldinn að Á[illegible]. öll nefndin var mætt fyrir var tekið.

1. Jafnað niður 1450,85, á 58 gjaldendur, og aðallega farið eptir skattaskrá hreppsins og reglum þeim er sýslunefndin samþykti á síðasta aðalfundi,

2 Jónasi bónda Jónssyni í Ásbjarnardal veittur allur ellistyrkurinn, sem kom

til útborgunar á þessu ári að upph. kr 145,00
en ~~hann~~ tók af honum kr 30,00 uppí
skuld Jónasar við hreppinn, svo nú er ~~hann~~
eptir af honum kr 130,00

3. Kosinn í skattanefnd hreppsins Gísli bóndi Magnússon í Eyhildarholti, í stað Péturs Jónssonar, sem fluttist burt á síðasta vori.

4. Kosinn endurskoðandi sveitarsjóðs reikningsins Ásgrímur Einarsson í Ási. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

s. dag og ártal

Guðm. Ólafsson
Sig. Þórðarson Ben. D. Halldórsson

Árið 1924 18 okt var að afloknum hreppaskilum á Ríp, kosinn einn maður í fræðslunefnd í stað Ásgríms Einarssonar, er fluttist burtu, og hlaut kosningu Þórarinn Jóhannsson á Ríp,

p.t. Ríp 18 okt 1924

Guðm. Ólafsson

Árið 1924. þann. 7. des. 1924. var hreppsnefndar fundur haldinn að Ási. tilefni fundarinns var að jafna niður útsvörum. öll nefndin var mætt,

1. Jafnað niður 1780,84. á 64 gjaldendur og aðallega farið eptir skattaskrá hreppsins og lagt 1% á tekjur, og ¼ %o á eign.

2. Jónasi bónda Jónssyni í Hróarsdal veittur allur ellistyrkurinn sem á þessu ári kom til útborgunar. að upphæð kr 145,00. og tók nefndin af honum kr 30. til greiðslu á

skuld hanns. svo nú er eptir af henni kr 100,00.

Ási 5 des 1924

Guðm. Ólafsson

Fram 18 Júní 1925, voru hin venjulegu vor- hreppaskil haldin að Ríp, og þetta tekið fyrir:
1. Tekið framtal manna til Hagstofunnar, af hreppstjóra Sigurði Ólafssyni á Hellulandi.
2. Hreppsnefndar kosning; og féllu kosningar þannig; að Gísli Magnússon í Eyhildarholti var kosin með 13 atkv. og hans hreppsnefndin, Guðmund Ólafsson í Ási fyrir oddvita sinn.
3. Forðagæsla: Kosnir til forðagæslustarfa til 3 ára Sig. Ólafsson á Kárast. og Páll Björnsson Beingarði.
4. Í tilefni af umtali sýslumanns var samin áskorun til Stjórnarráðs Íslands að lögleiða eftir Coopersduft til sauðfjár böðunar, og skrifuðu allir fundarmenn undir þá áskorun.
5. Fræðslumál. Til að gegna fræðslumálastörfum var Sig. Þórðarson á Egg endurkosinn. Ólafsson

6. Oddviti hreppsins safnaði pöntun á bólu- efni í sauðfé, til notkunar næsta vetur.
7. Vegavinnumál. Rætt um brautarlagningu um hreppinn, og óskuðu menn eftir að verkfræðingur liti á vegastæði í hreppnum áður en byrjað væri á framkvæmdum verksins. Eftir nokkrar umræður kom fram svohljóðandi tillaga: „Fundurinn ákveður og samþykkir að vinna ½ dagsverk í hreppsvegavinnu, eins og að undanförnu, og fari vinnan í aðgerð á vegum þeim sem nú eru notaðir." Var tillaga þessi borin upp og feld með 8:7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir
Ríp 18 Júní 1925.
Sig. Ólafsson (fundarskrifari)

Guðm. Ólafsson

Ár 1925, þ. 23. dag nóvbr. mán. var hreppsfundur settur og haldinn að Ríp, samkv. áður gengnu fundarboði, til þess að ræða um og ákveða, hvernig haga skuli álagningu sýsluvegagjalds, með fleiru.

Fundurinn var settur af oddvita, er stýrði honum, og kvaddi til skrifara Gústa Hagan...

Oddviti skýrði frá hinum nýju lögum um sýsluvegasjóði, og kvað það liggja fyrir þessum fundi að úrskurða, hvort sýsluvegagjaldið yrði lagt á fasteignir hreppsins, eða jafnað niður með sveitarútsvörum, eptir efnum og ástæðum.

Munnl. tillaga frá oddvita þess efnis, að sýsluvegagjaldið skuli tekið með útsvörum, samþ. með 7 samhlj. atkv.

Eptir allmiklar umræður var munnleg tillaga frá oddvita þess efnis, að ~~tvo~~ sýsluvegagjaldið skyldi ákveðið 6‰ af fasteignaverði hreppsins á næsta ári, samþ. í einu hljóði, með því skilyrði þó, að kepp(?)jað yrði þeyar á næsta vori á veginum yfir Hegranesið.

Búnaðarstjórar kosnir, til eptirlits með fjárböðun í hreppnum í vetur.

Samþ. að fela hreppsnefnd að fara þess á leit við Valdimar í Garði, að hann sjái um hundahreinsun í hreppnum í vetur.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

Guðm. Ólafsson
Gústa Hagan...

Ár 1925, þ. 23. dag nóvembr. mán., kom hreppsnefndin í Rípurhr. saman í Ási, til þess að jafna niður sveitarútsvörum.

I. Jafnað var niður kr. 2985.08, á 62 gjaldendur. Var skattskrá hreppsins lögð til grundvallar, og lagt á hreina eign 3‰, og á hreinar tekjur 2%, hvort tveggja hækkandi, eptir hækkandi eign og hækkandi tekjum, samkv. taxta sýslunefndar. Á fasteigni var lagt 3‰. Persónugjald 10 kr. á karlmenn, 5 kr. á kvenmann.

II. Jónasi bónda Jónassyni greiddur allur ellistyrkur, sem er fell í skaut Rípurhr. á þessu ári, að upphæð 30 kr., er hreppsnefndin tók sem afborgun á skuld hans við hreppssjóð, sem þá stendur eptir af kr. 70.00.

III. Samþ. að krefja Þorgrím, bónda á Rípi um kr. 20.00, þar sem hann hefir vanrækt einar göngur nú í 2 haust, og þess utan 5 kr., er skotið sem sekt fyrir vanrækslu.

IV. Samþ. að leggja 6 aura á hverja kind og 18 aura á hvert trippi í upprekstrarfél., er renni í fjallskilasjóð.

Ási 25. nóv. 1925.

Sig. Þórðarson Gísli Magnússon Guðm. Ólafsson

Ár 1926, hinn 9. dag. janúarmán. kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman að Rípi, til þess að athuga eptir útsvarskærur.

Fyrir fundinum lágu 4 kærur, frá eptirfrandi mönnum:

Jóni N. Jónassyni, Hróarsdal.
Sæmundi Jónassd., s. st.
Leó Jónassyni, s. st.
Alfreð Jónassyni s. st.

Mættir voru af kærendum hálfu: Jón N. Jónasson og ~~Alfreð~~ Leó Jónasson.

Oddviti las upp kærurnar, og spunnust um þær nokkrar umræður. Kom í ljós, að kærendur hefðu byggt á því, að hreppsnefndin hefði lagt skattskyldar tekjur til grundvallar við álagningu tekjugjalds, í staðinn fyrir nettó tekjur. Var því aðalgrundvöllurinn undir kærunum fallinn og féllust kærendur á það.

Um einn kærandann, Alfreð Jónasson, upplýstist þó, að hann hefði verið heilsubilaður að undanförnu, sem nefndinni var ókunnugt um, og samþ. hún því í einu hljóði að lækka útsvar hans um 5 kr., eða úr 20 kr. ofan í 15 kr.

Einnig samþ. hreppsnefndin að lækka útsvar

Samtals þóknað. um 2 kr. fyrir uppdr. kringum Ásbúð, eða úr kr. 16.26 ofan í kr. 14.26.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Guðm. Ólafsson

Gísli Magnússon Sig. Þórðarson

Ár 1926, 1 Desember var haldinn hreppsfundur að Ríp til að kjósa 2 menn í skólanefnd Rípurhrepps, eftir skipun fræðslumálastjóra.

Hafði verið boðað til fundarins með fundarboði, af Guðmundi Ólafssyni í Ási.

Nokkrir kjósendur hreppsins mættu, og féll kosning þannig að kosnir voru:

Þórarinn Jóhannsson Ríp með 7 atkvæðum

Gísli Jakobsson Ríp með 5 atkvæðum og

~~varaformaður Sig. Ólafsson á Hvíarsstöðum með 3 atkv.~~

Böðunarstjórar til eftirlits við sauðfjárböðun: báðir kosnir, og skyldu þeir skoða kláðaskoðun ~~um~~ leið og sauðfjárböðun fer fram.

Einar Guðmundsson í Ási ~~[illegible]~~ kosinn til að hreinsa hunda Rípurhrepps í vetur.

Fleira ekki tekið fyrir

fundi slitið

Sig. Ólafsson
fundarskrifari.

Ár 1926, hinn 13. dag desembermán., hjelt hreppsnefnd Rípurhrepps fund með sjer, til þess að ráða til lykta ýmsum sveitarmálum.

I. Samin hreppsreikningur þessa árs.

II. Ellistyrk þeim, er til útborgunar kemur á þessu ári, kr. 140.00, skipt þannig millum umsækjenda: að Jónasi bónda Jónassyni í Hróarsdal, nú aldur kr.: 115.00, og Jóni Stefánssyni á Hamri kr. 25.00. Af upphæð þeirri, er Jónasi í Hróarsdal er ætluð, ganga kr.: 30.00 til afborgunar á skuld hans við hreppssjóð, sem þá stendur eftir af kr.: 40.00.

Með því að hreppsnefndinni þykir þessi styrkupphæð ískyggilega lág, samanb. við fyrri ára útborganir, felur nefndin oddvita sínum að grennslast eftir því hjá sýslumanni, í hverju það liggur.

III. Samþ. að bera upp á alm. fundi, að reisa skólahús á Ríp, og oddvita falið að leita umsagnar um það mál.

IV. Samþ. að krefja Stefán á Hamri og Ólaf á Hellulandi um 12 krónur (10 kr. + 2 kr. sekt) hvorn fyrir ómerkt gangnaskil á síðastl. hausti, — ennfr. Þórarin á Ríp um ~~[illegible]~~ 13 kr. (10 kr. + 3 kr. sekt) fyrir sömu sakir, að viðbættum ~~[illegible]~~ 25 kr., er hann á ógreiddar frá f. á. — Vilji þessir menn eigi greiða

lýsir uppbóta gjörfúslega, skal krafist á fá lögtaki.

V. Samþ. að fela oddita að fá landverkfræðing, ef kostur er, á vori komandi, til að mæla fyrir og gera kostnaðaráætlun um akbraut og af sýsluveginum fram hreppinn.

Ár 14 des 1926
Guðm. Ólafsson
Gísli Magnússon
Sig. Þórðarson

30 apríl – kl 7 síðd.

Ár 1926, hinn 18. dag desembermán., var alm. hreppsfundur haldinn á Þingstað hreppsins samkvæmt útsendu fundarboði frá hreppsnefnd. Oddviti setti fundinn og stýrði honum, en til skrifara kvaddi hann Gísla Magnússon.

Verkefni ~~var að~~ fundarins var að ræða um byggingu skóla- og fundahúss fyrir hreppinn.

Oddviti hóf umræður og reifði málið. Umræður urðu miklar, olnbogaskot, rökkur og hnippingar, en þó ekki svo, að neinum meiddist til muna.

Eftir mikið þjark og þref voru samþ. svohljóðandi tillögur:

I. Fundurinn ályktar að reisa hús fyrir heimangönguskóla og til funda halda á hentugum stað svo fljótt sem unnt má.

Samþ. með 11 : 6 atkv.
Árni í Ketu og Jón Normann óskuðu bókað að þeir greiddu atkv. gegn till.

II. Fundurinn samþ. að fela hreppsn. og skólanefndarform. að leita upplýsinga um ~~stað~~ stærð og kostnað við byggingu skóla- og fundahúss — ennfr. gera tillögu um staðinn og byggja það næst fyrir aðalfund.

Samþ. með 5 : 4 atkv.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið

Guðm. Ólafsson
Gísli Magnússon

Ár 1927, þ. 29. dag marzmán., kom hreppsnefnd saman, til þess að jafna niður útsvörum.

I. Jafnað var niður kr. 2581.36 á 58 gjaldendur. Var skattskrá hreppsins lögð til grundvallar, og álagningunni hagað þannig:

Á skuldl. eign 2‰ á 5000 kr., 2½ ‰ á 10000 kr., 3‰ á 15000 kr. o. s. frv.

Á hreinar tekjur var lagt 2% á 1000 kr., 2½ % á 1500 kr., 3% á 2000 kr, og síðan hækkandi um 1% á hverjum 500 kr.

Fasteignagjald 2‰ á landverð og húsverð.

Persónugjald 8 kr. á karlmann, 4 kr. á kvenmann.

Ási, 30. marz 1927.

Gísli Magnússon. Guðm. Ólafsson
Sig. Þórðarson

Ár 1927, hinn 13. dag júnímán., hjelt hreppsnefnd Rípurhr. fund með sjer. Þetta gerðist á fundinum:

I. Rætt um hreppsvegavinnu. Ákveðið að vinna 25 dagsverk (fyrir 20 kr.) í Löngubrú, Hamarsbrú, Ketubrú og Reynabrú. Samþ. að fela Gísla Jakobssyni, Rp., verkstjórn.

II. Oddvita falið að svara nýkomnu brjefi frá yfirskattanefnd, áhrærandi hæstu og lægstu útsvarsgreiðendur í hreppnum.

III. Samþ. að fella niður útsvör Guðm. Gíslasonar Rp. (10 kr.) og Páls Sigurðssonar, Beingarði (10 kr.), og að lækka um helming útsvör Sigríðar Sigurðard., Egg (úr 15 kr. ofan í kr. 7.50) og Steinunnar Kristófersd. Garði, (úr 12 kr. ofan í 6 kr.

Fleira gerðist ekki.

Rp. 13. júní 1927.

Gísli Magnússon.

Ár 1927, 30 dag Október mánaðar var haldinn almennur hreppsfundur að Ríp, til að ræða um réttarbygginguna og fjallskilamál.
Oddviti hreppsins setti fundinn og stýrði honum.
Reifaði hann málið með nokkrum orðum og vísaði því svo fram til frekari umræðu.
Menn ræddu réttarbyggingarmál Reynistaðar afréttar fram og aftur og að síðustu kom fram svohljóðandi tillaga:
„Fundurinn samþykkir að fylgja fast fram breytingu á smölum á Staðarfjöllum og Reynistaðar afrétt, þannig, að gengið sé framan úr Giltaskarði og frá Grjótá út á móti Skarðshreppi er gangi Hnjúka og Tindastól inn, og sé réttað um Illiðarenda sama dag.“
Tillaga þessi var samþykkt með öllum atkv. gegn einu.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið
Sig. Ólafsson.
fundarskrifari.

Árið 1927, 13 nóv. var hreppsnefndarfundur haldinn að Egkyldarholti. tilefni fundarins var að úthluta ellistyrktarfje hreppsins, sem á þessu ári var 140 krónur.
Samkvæmt umsóknum var úthlutað

| | |
|---|---|
| Sigurbjörgu Halldórsdóttur í Garði | Kr. 60,00 |
| Lilju Jónsdóttir í Hróarsdal | — 50,00 |
| Jóni Stefánssyni á Hamri | — 30,00 |
| | Samt Kr. 140,00 |

Fleira ekki tekið fyrir því fundi slitið

Guðm. Ólafsson

Ár 1928, sunnud. 22. dag janúarmán., kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman á Ási til þess að semja hreppsreikninginn fyrir árið 1927.
Nefndin ákvað að gefa Jóhanni Jónassyni í Naustavík eptir kr. 50 kr., er hann átti ógreidd af þeim 100 kr., er honum var í fyrra gert að greiða af sveitarskuld sinni, — og þá koma öll mannréttindi aptur. — Fleira gerðist ekki.
Gísli Magnússon

Á Búnaðarfjel. fundi Rípurhr. að Egg 4. febr. síðastl. ákváðu 8 bændur meðlimir fjel. að byggja safnþrær og áburðarhús á heimilum sínum, og óskuðu tilhlutunar Búnaðarfjel. til lántöku til fyrirtækisins.

Nú hefur Búnaðarfjel. snúið sjer til hr.n. og beiðst ábyrgðar sveitarfjel. fyrir láni alt að 5000 kr. er það hyggst að taka að láni í Ræktunarsjóði Ísl. til þessara framkv.

Útaf þessari ábyrgðarbeiðni Búnaðarfjel. hefur hreppsn. haft fund með sjer og ákveðið að sveitarfjel. ábyrgist þessa lántöku Búnaðarfjel. og í því skyni sótt um leyfi sýslunefndar Skagafjarðarsýslu til ábyrgðarinnar. Þetta tilkynnist Búnaðarfjel. hjer með.

Ási 25 febr. 1928

Guðm. Ólafsson

Sig. Þórðarson

Útaf erindi form. Búnaðarfjel. Rípurhrepps um ábyrgð sveitarsjóðsins fyrir láni alt að 5000 kr. er Búnaðarfjel. ætlar að taka í Ræktunarsj. Ísl., hefur hreppsnefnd haft fund með sjer.

Þar sem hið umgetna lán er eingöngu ætlað til að byggja lagarheldar safnþrær og áburðarhús, og verður því að teljast til hagsbóta fyrir bændur, og til eflingar búnaði sveitarinnar, þá hefur nefndin samþykt með öllum atkvæðum, að sveitarsjóður Rípurhrepps takist á hendur ábyrgð á alt að 5000 króna láni fyrir Búnaðarfjel. hreppsins, gegn tryggingu er hreppsnefndin tekur gilda.

Ási 25 febr. 1928

Guðm. Ólafsson

Ár 1928, þ. 15. dag aprílmán. kom hreppsnefnd Reipúrhr. saman í Ási, til þess að jafna niður útsvörum.

Jafnað var niður kr. 1772.18 á 55 gjaldendur. Var skattskrá hreppsins lögð til grundvallar, og álagningu hagað þannig:

Á brúttótekjur var lagt 0.61% (beltigjald).

Á nettótekjur ~~var lagt~~ (að frádr. ómögum) var lagt 1½%.

Á skuldlausa eign var lagt:

Á alt að 5000 kr. 2‰

– 5000 – 10000 – 10 kr. af 5000 og 2½‰ af afg.

– 10000 – 15000 – 25 – af 10000 og 3‰ af afg.

o.s.frv. —

Samþ. að vinna að því ~~svo~~ á þessu vori, svo fljótt, sem unt er, að ryðja og gera akfæran veginn af sýsluveginum er af Gorðási fram hjá Vatnskoti, og að hver verkfær maður í hreppnum vinni 1½ dagsverk.

Ási, 16/4. – 1928.

Gísli Magnússon. Guðm. Ólafsson

Sig. Þórðarson

Ár 1928 þann 18 dag júnímánaðar var ~~haldinn~~ óvenjuleg vorhreppaskil ~~haldin~~ að Kjó og var þar tekið fyrir:

I. Hreppstjóri Sig. Ólafsson tók vorframtal hreppsbúa til búnaðar.

II. Hreppsnefndarkosning. Þeir Guðm. Ólafsson og Sigurður Þórðarson áttu að ganga úr hreppsnefnd, en voru endurkosnir Guðm. Ólafsson með 30 atk. og Sig. Þórðarson með 24 atk. fór kosningin fram í heyranda hljóði.

III Kosin skólanefnd. Þórarinn Jóhannsson og Gísli Jakobsson voru endurkosnir með öllum greiddum atkv.

IV Kosin hestakynbótanefnd. Endurkosnir til þess að hafa eftirlit með hrossakynbótum Gísli Magnússon, Sigurður Þórðarson og Sig. Ólafsson.

V. Þá bar Guðm. Ólafsson það upp hvað menn vildu fá mikið af tóbaksblöðum til böðunar á Skitupest sauðfjár og safnaði pöntun á þeim jafnframt. Sömuleiðis safnaði hann pöntun á bóluefni við Bráðapest sauðfjár.

VI Þá voru kosnir fortdagæslumenn til næstu 3 ára. Hallur Pálsson og Jón Sigurjónsson.

VII Þá ~~[illegible]~~ skifti hreppsnefndin með sér störfum og var Guðm. Ólafsson endur kosin oddviti nefndarinnar.

VIII. Hreppsvegavinna. Þá var til umræðu veganál hreppsins og var rætt um þau form og eftir, var ákveðið að vinna hrepps vegavinnuna að mestu fyrir neðan Vatnskot, og út á Garðsás, og sé svá vegur gerður akfær. og var Páll Pálsson ráðinn til þess að hafa ~~á~~ verkstjórnina á hendi. Í vestur veginn voru lögð 6 dagsverk og var ákveðið að Ólafur Sigurðsson hefði verkstjórn þar.

XI. Smölun á sauðfé á nesinu var ákveðinn þann 19 þ. m. ~~og~~ svo rúning geti fram farið.

Fleira ekki tekið fyrir
Guðm. Ólafsson

Sig. Ólafsson

fundarskrifari.

Árið 1928, hinn 26. nóvember, var hreppsnefndarfundur haldinn í Eyhildarholti. Nefndarmenn allir mættir. Fund þennan ákvað oddviti vegna þess, að hreppsnefndar-oddvitinn í Svarfaðardalshreppi sendi umboðsm. sinn vestur hingað (Jóh. Pál Jónsson Hreiðarsstaðakoti) til að vegna samningsleið um niðurfærslu á meðlagi þurfalingsins Guðrúnar Stefánsdóttur í Vatnskoti, frá 14. maí 1927, til 14. maí 1929 og var hann mættur á fundinum.

Bauð umboðsm. oddvita fyrir hönd Svarfaðardalshr. að greiða Rípurhreppi 300 kr. um árið, frá 14. maí 1927 til fardaga 1929, og Svarfdl. hr. yrði svo laus við allar fjárkröfur frá Rípurhr. Guðrúnar vegna, yfir þessi tvö ár. Neituðu nefndarmenn allir einum rómi, að sinna tilboði þessu. Enn fremur bauð Jóhann Páll Jónsson fyrir hönd Svarfaðardalshr. 350 kr. meðlag með Guðrúnu árlega frá 14. maí 1929 — helst meðan kerlingin lifir, með því að hún fái að vera kyr hér fyrir vestan. Kvaðst nefndin ekki sjá þegar geta tekið endanlega afstöðu til þessa tilboðs og yrði því að svara því neitandi að svo stöddu. Fleira gerðist ekki. — Fundi slitið.

Guðm. Ólafsson
Sig. Þórðarson Gísli Magnússon

Árið 1928, laugard. 8. des., kom hreppsnefnd Rípur-hrepps [?] saman að Ási, til að semja ársreikning hreppsins.

Ennfremur ákvað nefndin að veita neðangreindum mönnum lán úr hreppssjóði, sem hjer segir:

Guðmundi Ólafssyni, Ási kr. 440.00
Gunnari Ólafssyni, Keflavík kr. 100.00
Sigurði Ólafssyni, Kárastöðum kr. 114.00

Tvö hin fyrstnefndu lán veitast til 4 ára með 5% ársvöxtum, ~~afborg~~ gegn lánsfjárveði, afborgunarlaus, en uppsegjanleg með 2ja mánaða fyrirvara.

Síðastnefnda lánið veitist gegn lánsfjárveði og 5% ársvöxtum, ~~til 4 ára~~ og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 4 árum.

Þá úthlutaði nefndin Mistyrk [?] þeim, er til úthlutunar kom í hreppinn ~~..~~ á þessu hausti, að upphæð kr. 135.00. Fyrir nefndinni lágu 4 umsóknir, og voru ~~4~~ 3 af þeim teknar til greina, svo sem hjer segir:

Sigurbjörg Halldórsdóttir, Garði, fékk 35 kr.
Jón Jónsson, Hamri, fékk 50 kr.
Lilja Jónsdóttir, Hvorsdal [?], fékk 50 kr. Þar af gengu 20 kr. til afborgunar á skuld hennar við hreppssjóð, og standa þá eptir 20 kr. af skuldinni.

Fleira gjörðist ekki.

G. Magnússon. Guðm. Ólafsson Sig. Þórðarson

Þann 5 April 1929 var hreppsfundur almennur haldinn að Ríp. Hafði oddviti hreppsins Guðmundur Ólafsson í Ási boðað til fundarins og stýrði honum. Nefndi hann til skrifara Sigurð Ólafsson á Kárastöðum.

Gjörðir fundarins voru þessar:

I. Símamál. Oddviti hóf máls á því að komið hefði til mála, að leggja símalínu fram að Ríp og þar yrði sett upp símastöð fyrir hreppinn, því símakerfinu yrði breytt bráðum, er símalína kæmi yfir fjörðinn hér fremra. Eftir nokkrar umræður kom fram svohljóðandi tillaga frá framsögumanni:

„Fundurinn ályktar að fela hreppsnefndinni að sækja um til landsímastjóra að talsímastöð verði sett á Ríp, gegn því, að hreppurinn annist flutning á símaefni og sjái um starfrækslu stöðvarinnar“ Var tillaga þessi borin upp og samþykkt með öllum atkvæðum.

II. Réttarbygging í Göngu-skörðum. Þá hóf oddviti máls um breytingar sem gjörðar höfðu verið á göngu tilhögun Reynistaðarafréttar, og smölun á Tindastól inn í Göngu-skörð; og réttarbygginga er af þessari breytingu leiddi; sömuleiðis úr hvaða efni fyrirhuguð rétt yrði byggð: eftir nokkrar umræður kom fram tillaga:

a. „Fundurinn samþykkir að „Skarðarétt“ sé byggð

á melunum nálægt Hlíðarenda. Almenningur sé úr steinsteypu, en ytri hringur og dilkamilligerðir úr járnvírneti." Var tillaga þessi borin upp og samþykkt.
b. Þá var til umræðu réttarstærð, og dilkastærð, og óskaði fundurinn eftir að Rípurhreppi yrði ætlað dilkrúm fyrir alt að 2,000 fjár, og sín dilkar fyrst 2 og telur fundurinn æskilegt að ~~dyr á~~ almenningi yrðu hafðar fleiri en 2 til þess að hægt sé í framtíð inni að skifta dilkrúminu í fleiri hólf.
c. Þá álít fundurinn að ekki mætti fækka mönnum við niðurjöfnun gangnaskila, frá því sem verið hefir. og leit fundurinn svo á að göngurnar yrðu að metast eins og að undanförnu 1½ dagverk.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Sig. Ólafsson.
(fundarskrifari.)

Gudm. Ólafsson

Þann 21 April 1929 var hreppsfundur haldinn að Hellulandi til að ræða um réttarbygginga í Gönguskörðum og kjósa 2 fulltrúa til að mæta á sameiginlegum fulltrúafundi á Sauðárkróki þann 26. þ. m. og sé það úrslitafundur um réttar ~~bygginguna~~ staðinn. Oddviti hreppsins Gudm. Ólafsson skýrði frá störfum fundar þess er haldinn var 16 þ. m. og að ekki hefði náðst samkomulag við Skarðshreppsmenn um að réttin yrði byggð á melunum nálægt Hlíðarenda; Eftir nokkrar umræður var leitað eftir áliti fundarmanna og var það sama og á fundinum að Ríp þann 5. þ. m. Var samþ. þessi tillaga út af þessu máli:

„Fundurinn heldur fast við sínar fyrri tillögur og samþykktir að „Skarðarétt" verði byggð á melunum nálægt Hlíðarenda":

Málið svo tekið af dagskrá

Þá voru kosnir sem fulltrúar Gudm. Ólafsson og Ólafur Sigurðsson.

— Þá hóf oddviti máls á því hvort hreppurinn vildi taka þátt í kaupum á landi af Jóni Björnssyni á Heiði sem hann ~~Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.~~ hefir boðið fram fyrir 1500 ~~krónur~~ — fimtán hundruð krónur. — eftir nokkrar ~~[illegible]~~ umræður var samþykt svohljóðandi tillaga:

„Fundurinn álítur að Rípurhreppur hafi þegar keypt nægjanlegt upprekstrar land fyrir sveitarfélagið, vill því ekki leggja í ný afréttar kaup."

Þá var kosin Ólafur Sigurðsson á Hellulandi til að mæta á fulltrúa fundi út af þessu máli 27 þ. m.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Sigurður Ólafsson.

(1929)

Þann 6 maí (var) var fundur haldinn að Ríp, Efni fundarins var ýtttarbyggingarmál í Skörðum og kjósa 2 menn á sameiginlegan fulltrúa fund á Skörðum 7 sama mánaðar, sem á að vera í ...
fundur um þetta mál. Fundarstjóri las upp fundargjörð frá síðasta fulltrúa fundi á Skörðum þann 20 sama mán. þar sem ekkert samkomulag náðist um ýttarbyggingu á Hlíðarenda. Var samþykkt svo hljóðandi tillaga með 9 gegn 7 atkvæðum, „Fundurinn heldur sig fast við eina fyrir á Skörðum að ýttan sé byggð hjá Hlíðarenda og fulltrúanum falið að halda sig við þá á ...
Kosnir fulltrúar á fundi á Skörðum voru Jón í Ási og Ólafur á Hellulandi.
Fundurinn skorar á Ólaf á Hellulandi sem kosinn var til að mæta á fundi um kaup á Hlíðarlandi að halda fund um málið og skýra frá úrslitum fundarins sem haldinn var á Skörðum um þetta mál.
Fleira ekki tekið fyrir

Jón Sigurjónsson
(fundarskrifari)

Guðm. Ólafsson

Árið 1929, miðvikud. 8. maí, kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman í Ási, til þess að jafna niður útsvörum.
Jafnað var niður kr. 2057.68 á 45 gjaldendur.
Sömu aðferð beitt við álagningu útsvara og á s.l. ári, að því undanskildu, að á nettó-tekjur (að frádregnum ómögum) var lagt 1.6 %.
Samþ. að hver verkfær maður í hreppnum vinni á þessu vori 2 dagsverk við vegabætur.

Fleira gerðist ekki.

Ási, 9. maí 1929.
Guðm. Ólafsson
Gísli Magnússon. Sig. Þórðarson

Ár 1929. 19 dag júní, kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman í Eghyldarholti. til að ræða um og ráðanistur vegavinnu á vegum hreppsins.
Eptir verkfærra skýrslu eru 25 menn á verkfærraskrá, ákvað nefndin að hver verkfær maður skyldi vinna 2 dagsverk á þessu vori að hreppsvegavinnu, eða 50 dagsverk.
Var samþykt að leggja 8 dagsverk frá Hellulandi, og Kárastöðum í Hellulandsveg. 1 d.v. í Langubrú, og afganginn í Miðveg. fleira ekki tekið fyrir
og fundi slitið
Guðm. Ólafsson

Árið 1929. 18 dag nóv. kom hr. nefnd Rípurhrepps saman á Egg. gjörðir nefndarinnar vóru
1. Úthlutað Ellistyrk þ. árs. sem var Kr 140,00 þrjár umsóknir lágu fyrir nefndinni og voru allar teknar til greina.

Úthlutuninn fjell þannig. að
Lilju Jónsdóttir í Hróarsdal var veitt Kr. 60,00
Sigurlögu Þorláksdóttir á Ríp — 45,00
Sigurbjörgu Halldórsdóttir í Garði — 35,00
Samt kr 140,00
2. Epter fundarboði í hafnarmáli Sauðárkróks kaus nefndin þá Gísla M. í Holti og Sig. Þ. á Egg til að mæta á almennum fyndi í því máli á S.krók 30. þ.m.
3. Lesið upp brjef frá oddvita Svarfaðardalshrepps. viðvíkjandi meðlagsgreiðslu Guðrúnar Stefánsdóttir í Vatnskoti. Fylgdu brjefinu kr 1095 krónur frá Svarfaðardalshreppi, sem er ógoldið meðlag með Guðrúnu fyrir árin 1927 og 1928.
4. Vegna þess að Lilja í Hróarsdal skuldar enn Kr. 20 af gömlu sveitarsjóðsláni. ákvað nefndin að taka þær 20 kr. af Ellistyrk hennar. og er þá skuld hennar að fullu greidd.
Fleira ekki tekið fyrir.
fundi slitið
Guðm. Ólafsson

Árið 1930, sunnud. 11. maí, kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman að Ási, til þess að jafna niður útsvörum.

Jafnað var niður kr. á 58 gjaldendur.
Var skattskrá hreppsins lögð til grundvallar, og álagningu hagað þannig:

Á brúttó tekjur var lagt 0.50% (veltugjald)
Á nettó tekjur (að frádr. ómögum) var lagt:
2% á 500 kr. (og þar fyrir neðan) og síðan hækkandi um ½% á hverjum 500 kr.
Á skuldlausa eign var lagt:
1½‰ á 5000 kr. (og þar fyrir neðan) og síðan hækkandi um ½‰ á hverjum 5000 kr. allt að 50000 — úr því 6‰.

Samþ. að hver verkfær maður í hreppnum ynni á þessu vori 2 dagsverk við vegabætur.

Fleira gerðist ekki.

Ási, 12. maí 1930.

Guðm. Ólafsson

Gísli Magnússon. Sig. Þórðarson

Árið 1930 21 nóv kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman á Egg. Gjörðir nefndarinnar voru

1. Úthlutað Ellistyrk þessa árs, að upphæð 145 kr. Þrjár umsóknir lágu fyrir nefndinni og voru allar teknar til greina.
Úthlutunin fjell þannig.

| | | |
|---|---|---|
| Lilja Jónsdóttir í Hróarsdal | 50 kr | |
| Sigurlaugu Þorlaksdóttir Ríp | 50 — | |
| Sigurbjörgu Halldórsdóttir Garði | 45 — | 145 kr |

2. Eftir fundarboði frá sýslumanni um hjeraðsmálafund á S.krók 30 þ.m. kaus nefndin þá Gísla M. í Holti og Sigurð Þ. á Egg til að mæta á þeim fundi

Fleira ekki tekið fyrir

Guðm. Ólafsson

Þriðjudaginn 17 Des 1930 boðaði hrepps-nefnd Rípurhrepps til fundar að „Ríp" til að ræða um „Rekstrarlánadeild". Oddviti setti fundinn og nefndi til fundarskrifara Jón Sigurjónsson. Gjörðir fundarins voru þessar

I. Lesinn upplög um „Rekstrarlánin"

II. Grenslast var eftir hvort menn mundu vilja stofna fjelagsskap viðvíkjandi „Rekstra-lánum" og var það felt með 9 gegn 3. atkv. Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Jón Sigurjónsson
(fundarskrifari)

Ár 1931, hinn 18. dag janúarmán. kom hrepps-nefnd Rípurhrepps saman að Ási til þess, aðallega, að semja hreppsreikninginn fyrir s.l. ár.

Ennfremur bar hreppsnefndinni að kjósa aðal-mann í skattanefnd hreppsins, í stað Gísla Magnússonar, er gegnt hefir starfinu í 6 ár, og á því að ganga úr, svo og varamann í stað Benedikts Halldórssonar, er sömuleiðis hefir gegnt því starfi í 6 ár.

Var Gísli Magnússon endurkjörinn aðalmaður, en varamaður var kjörinn Árni Sigurðsson.

Fleira gjörðist ekki.

Guðm. Ólafsson
Gísli Magnússon.
Sig. Þórðarson

Ár 1931, hinn 4. dag febrúarmánaðar, var almennur hreppsfundur haldinn að Ríp, samkv. áður gengnu fundarboði. Var fundurinn boðaður eftir ósk formanns Búnaðarfjel. Rípurhrepps, og verkefni hans að ræða um dráttarvjelakaup.

Stjórn Búnaðarfjel. las upp ítarleg svör við spurningum, er lagðar höfðu verið fyrir Sigurð hreppstjóra á Nautabúi, viðvíkjandi dráttarvjelum, vinnu þeirra, kostnaði við þær o. fl. — Þar næst gaf formaður ýmsar fræðandi upplýsingar, og gerði áætlun um, hversu mikið myndi kosta, að fullvinna dagsláttu hverja með dráttarvjel. Taldi hann ~~[illegible]~~ óefað, að öllu athuguðu, nauðsyn til bera, að

kaupa dráttarvjel í hreppinn, og kvað æskileg-
ast, að hreppsjóður styrkti Búnaðarfjelagið til
kaupanna með beinu framlagi. Var nú rætt um
málið á víð og dreif.

Þá las form. ungmennafjel. „Hegri" upp
svohljóðandi fundarályktun, er gerð var á fundi fjel.
4. febr.:

„Fundur Umf. „Hegri" ákveður að leggja fram
„100 kr. á ári í 5 ár, alls 500 kr., til dráttarvjela-
„kaupa í Rípurhreppi, gegn því skilyrði, að
„hreppsfjelagið leggi fram 1000 kr. til sömu
„kaupa, og u.m.f. fái svo vjelina til jarðvinnslu
„á því landi, er það telur til ræktunar, að kostn-
„aðarlausu, nema kaup vjelamanna. Ef land
„fæst ekki, lánar fjelagið umgetnar 500 kr. –
„100 kr. á ári – með 5% vöxtum, en afborgunar-
„laust fyrstu 2 árin, en afborgist svo á 3 árum."

Form. Búnaðarfjel. þakkaði Umf. í hrepps-
ins nafni þetta rausnarlega tilboð.

Eftir miklar umræður kom fram svohljóðandi
tillaga frá form. Búnaðarfjel.:

„Fundurinn samþykkir að styrkja Búnaðar-
„fjelag Rípurhrepps" til dráttarvjelakaupa
„á næsta vori með kr. 1500.00."

Við þessa aðaltill. kom fram svohljóðandi
brt.till.:

„Í staðinn fyrir „1500" komi „1000."

Brtt. samþ. með 10 : 9 atkv. Aðaltill. þannig fallin

Samþ. í e. hlj. að dreifa gjaldinu
(1000 kr.) á fleiri ár.

Till. kom frá Gunnari í Keflavík þess
efnis, að hver bóndi í hreppnum gefi 1 á á vori
komandi til dráttarvjelakaupa, til að ljetta
tillag sveitarsjóðs. Till. felld.

Fleira gerðist ekki.

Fundargerð lesin upp og samþ.

Guðm. Ólafsson

Gísli Magnússon
(fundarskr.)

Ár 1931, föstud. 22. maí, kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman að Ási, til þess að semja niðurjöfnunarskrá útsvara.

Jafnað var niður kr. 2658.73 á 56 gjaldendur.

Var skattstigi hreppsins lagður til grundvallar, eins og að undanförnu, og álagningu hagað þannig, sem hér segir:

Á brúttó-tekjur var lagt 0.60% (veltugjald).

Á nettótekjur (að frádregnum ómögum) var lagt:

2% á 500 (og þar fyrir neðan), og síðan hækkandi um ½% á hverjum 500 kr.

Á skuldlausa eign var lagt:

2‰ á 5000 kr (og þar fyrir neðan) og síðan hækkandi um ½‰ á hverjum 5000 kr. allt að 50000 kr. — úr því 6‰

Samþykkt að krefja hvern verkfæran mann um 5 króna hreppsvegagjald á þessu ári.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Ási, 22. maí 1931.

Gudm. Ólafsson

Gísli Magnússon Sig. Þórðarson

Ár 1931, ~~föstud.~~ fimtud. 25. júní, var almennur hreppsfundur haldinn að Ríp, að undangengnu manntalsþingi.

Gerðir fundarins voru þessar:

1. Kosinn 1 maður í hreppsnefnd í stað Gísla Magnússonar, er úr gekk. Var hann endurkosinn með öllum þorra atkvæða (33:1)

2. Kosnir 2 menn í skólanefnd í stað Gísla Jakobssonar og Þórarins Jóhannssonar, er úr gengu. Kosnir voru Árni Sigurðsson í Ketu og Þórarinn Jóhannsson Ríp.

3. Kosin hrossakynbótanefnd í stað þeirrar, er starfað hefir að undanförnu. Kosnir voru Sigurður Ólafsson Kárastöðum, Jón Sigurjónsson Ási og Leó Jónasson, Hróarsdal.

4. Kosin fóðurbirgðanefnd í stað þeirrar, er starfað hefir að undanförnu. Kosnir voru: Árni Gunnarsson, Keflavík og Sigurður Helgason, Hamri.

5. Kosnir 2 menn í nautgripakynbótanefnd í stað Gísla Jakobssonar og Gísla Magnússonar. Kosnir voru: Sigurður Þórðarson Egg og Þórarinn Jóhannsson, Ríp.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Gudm. Ólafsson Gísli Magnússon

Ríporthr.

Árið 1931, 17 sept kom hreppsnefndin saman á Egg, til þess að ræða um lántöku fyrir hreppinn, vegna vegagerðar sýsluvegar. Ákvað nefndin að taka alt að 3000 króna lán, í Búnaðarbanka Íslands, gegn ábyrgð hreppsnefndar. Vóru skjöl þaraðlútandi útbúin, og send alþingismanni Magnúsi Guðmundssyni í Reykjavík, og hann beðinn að hefja lánið, og undirskrifa ábyrgðarskjöl fyrir hönd nefndarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið

Guðm. Ólafsson

Árið 1931, 5 nóv kom hreppsnefndin saman að Egghyldarholti. gjörðir nefndarinnar voru, úthlutað ellistyrk þ. árs sem var að upphæð Kr 140,00.

~~Þrjá~~ Fjórar umsóknir höfðu nefndinni borist, og vóru allar teknar til greina Úthlutunin fjell þannig.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurl. Þorláksdóttir Keldudal vestra | Kr. | 40,00 |
| Lilju Jónsdóttir Hvammsdal | – | 35,00 |
| Sigurbjörgu Halldórsdóttir Garði | | 35,00 |
| Jósteini Jónassyni Naustavík | | 30,00 |
| | | 140,00 |

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið

Guðm Ólafsson

Ár 1932, hinn 13. dag maímán., kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman að Ási til þess að jafna niður útsvörum fyrir árið 1931.

Jafnað var niður kr. 2549.12 á 50 gjaldendur. Var skattskrá hreppsins lögð til grundvallar niðurjöfnuninni, eins og að undanförnu, og var álagningu hagað þann veg, er hér segir:

A. Bændur.

Á brúttotekjur var lagt 0.80 % (aukagjald)

Á nettotekjur (að frádregnum ómögum) var lagt 3% á 500 kr (og þar fyrir neðan), og síðan hækkandi um 1/2 % á hverjum 500 kr.

Á skuldlausa eign var lagt 3‰ á 5000 kr. (og þar fyrir neðan), og síðan hækkandi um 1/2 ‰ á hverjum 5000 allt að 50000 kr.

B. Vinnu- og lausafólk.

Álagningu á það var hagað með nákvæml. sama hætti og s.l. ár (Sjá fundargerð 22. maí 1931.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Ási, 13. maí 1932.

Guðm. Ólafsson

Gísli Magnússon. Sig. Þórðak.

Ár 1932, hinn 8. dag desbr. mán. kom hreppsnefnd Rípurhr. saman í Ási.

Gerðir nefndarinnar voru þessar:

1. Saminn reikningur hreppsins fyrir yfirstandandi ár að mestu leyti.
2. Úthlutað ellistyrk, sem var að upphæð kr. 150.00 Þrjár umsóknir höfðu nefndinni borist, og voru allar teknar til greina. Fjeð úthlutast þannig:

Sigurl. Þorláksd. Keldudal, fekk kr. 50.00
Lilja Jónsdóttir, Hróarsdal, fekk — 50.00
Sigurbjörg Halldórsdóttir, Gordi, — — 50.00

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið

Guðm. Ólafsson

Ár 1933, hinn 14. dag maímán.
kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman
að Ási til þess að jafna niður útsvörum fyrir
árið 1932.

Jafnað var niður kr. 2302,41 á 51 gjaldendur.
Var skattskrá hreppsins lögð til grundvallar
niðurjöfnuninni eins og að undanförnu, og
álagningu hagað þann veg, er hér segir:

A. <u>Bændur</u>

Á brúttotekjur var lagt 1%

Á nettotekjur (að frádregnum ómögum) var
lagt 3½% á 500 kr. (og þar fyrir neðan), og síðan
hækkaði um ½% á hverjum 500 kr.

Á skuldlausa eign var lagt 4‰ á 5000 kr.
(og þar fyrir neðan), og síðan hækkaði um
½‰ á hverjum 5000 kr. allt að 50000 kr.

B. <u>Vinnu-</u> og <u>lausafólk</u>:

Á brúttotekjur var lagt 0,80%

Á nettotekjur var lagt 3%

Á skuldlausa eign var lagt 3‰

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið

Guðm. Ólafsson

Gísli Magnússon Sig. Þórðarson

Ár 1933 hinn 16 júlí kom hreppsn.
Rípurhrepps saman á Ríp til að ræða
um ábyrgð hreppsins fyrir láni ~~til~~ eða
eftirstöðvum af láni búnaðarfjel. hreppsins
til dráttarvjelakaupa, var tekin sú ákvörðun
að hreppurinn gengi í ábyrgð fyrir kr 2413,17
sem búnaðarfjel. skuldar vjelasjóði. Fleira
ekki tekið fyrir

Ár og dag sem áður greinir

Guðm. Ólafsson

Árið 1933 þann 21. okt. kom hreppsnefndin saman að Rip, til þess að úthluta ellistyrk, sem að þessu sinni var Kr 150.

Úthlutunin fjell þannig

| | |
|---|---|
| Sigurlaug Þorláksdóttir Keldudal | Kr 50. |
| Lilja Jónsdóttir Hróarsdal | — 50 |
| Sigurbjörg Halldórsdóttir Garði | — 50 |
| | Kr 150.– |

Fleira gerðist ekki

Guðm. Ólafsson

Árið 1934 þann 13 jan kom hreppsnefndin saman í Ási, til þess að undirbúa og gjöra drög til sveitarsjóðsreiknings hreppsins. eptir lauslegu yfirliti, hafði sjóður hreppsins aukist. sem ekki er þó hægt að segja með tölum nú.
Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðm. Ólafsson

Ár 1934, hinn 20. dag febrúarmán., var alm. hreppsfundur haldinn, að Rip, samkv. áður útgefnu fundarboði. Fundinn setti oddviti hreppsins og stjórnaði honum. Kvaddi hann til skrifara Gísla Magnússon.

Gerðir fundarins voru þessar:

1. Nautgriparæktarfjelagið. Formaður fjelagsins, Hallur Pálsson, las upp reikninga fjelagsins, og skýrði frá hag þess og horfum. Eftir miklar umræður voru reikningarnir samþykktir óbreyttir.

Samþ. með öllum þorra atkv. gegn 2 að gefa Víking inni á sumri komanda.

Samþ. að kúaeigendur greiði þeim, er nautið heldur 50 aura hirðingargjald fyrir kú á ári.

Stjórninni falið að gera ráðstafanir viðvíkjandi heyflutningi handa nautinu í samráði við þann, er nautið heldur.

Stjórninni falið að halda við nautagirðingu fjelagsins, svo að ~~gripheld~~ tryggilegt sje.

Samþ. ~~að veita~~ með 6:5 atkv. að veita stjórn fjelagsins heimild til að leggja 1–2ja kr. aukagjald á hverja kú í hreppnum næsta ár, ef nauðsyn krefur til að halda fjelaginu á rjettum kili.

2. Hrossaræktarfjelagið. Form. fjelagsins, Sigurður Ólafsson, Kárastöðum, las upp og skýrði reikninga fjelagsins allt frá 1928. Í tilefni af 25 kr. ~~gjaldi~~, hagagjaldi fyrir hryssur, er settar eru í folagirðinguna, sem fært var til reiknings, var samþ. svohljóðandi till.: Má við svo búið standa í þetta sinn, en til eftirbreytni framvegis. Reikningarnir síðan samþ. í e. hlj.

Stjórninni falið að innheimta folaldagjald með 1.00 — 1.50 gjaldi á folald.

Stjórninni falið að útvega til láns graðfola á vori komanda, til notkunar í fjelaginu.

Skorað á stjórnir ofangreindra fjelaga að halda árlega fundi og leggja þar fram endurskoðaða reikninga.

Fundarg. uppl. og samþ.

Fundi slitið

Gísli Magnússon.

Árið 1934 hinn 21 febr. var hreppsnefndar fundur haldinn að Ási. Öll nefndin var mætt. Gjörðir fundarins voru.

1. Endurskoðaður og undirskrifaður sveitarsjóðs reikningur hreppsins. og sendur yfir endurskoðanda.
2. Kosinn umboðsmaður fyrir Ríparhrepp fyrir brunabótafjel. Íslands Sigurður Þórarson á Egg. og varamaður hanns Jón Sigurjónsson Ási.
3. Kosinn virðingarmaður sama fjel. Gísli Jakobsson Keldudal. og sem varamaður hanns Sigurður Ólafsson á Kárastöðum.
4. Bentá sem virðingarmann sama fjel. aðalmann Ólaf Sigurðsson á Hellulandi varamann Hróbjart Jónasson Hamri.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðm. Ólafsson

Ár 1934., hinn 4. dag maímán., kom hreppsnefnd Rípurhreppi saman að Ási til að jafna niður útsvörum fyrir árið 1933.

Jafnað var niður kr. 2783,15 á 51 gjaldanda. Var skattskrá hreppsins lögð til grundvallar niðurjöfnuninni eins og að undanförnu, og álagningu hagað þannig, er hér segir:

Á brúttótekjur var lagt 1% (veltugjald).

Á nettótekjur ~~var lagt~~ (að frádregnum ómögum, 400 kr. fyrir hvern þeirra ómaga) var lagt 3% á 500 kr. (og þar fyrir neðan), og síðan hækkandi um 1/2 % á hverjum 500 kr.

Á skuldlausa eign var lagt 3‰ á 5000 kr. (og þar fyrir neðan), og síðan hækkandi um 1/2 ‰ á hverjum 5000 kr., allt að 50000 kr. —

Samþ. að hreppsvegavinnan á þessu vori (28 dagsv.) sé unnin í Hellulandsvegi.

Samþ. að fela oddvita hreppsnefndar að sjá um og standa fyrir vegagerð í hreppnum á þessu ári.

Ár 1934 Sunnudaginn 24 júní var kosið í hreppsnefnd á almennum hreppsfundi samhliða alþingiskosningum. Voru kosningarnar auglýstar áður með fundarboði.

I. Kosningar féllu þannig í stað Guðmundar Ólafssonar Ási og Sigurðar Þórðarsonar Egg. að þeir voru endurkosnir. Guðmundur Ólafsson með 29 atkvæðum og Sigurður Þórðarson Egg með 42 atkvæðum.

II. Kosnir 2 menn í skólanefnd í stað Árna Sigurðssonar og Þórarins Jóhannssonar. Kosningu hlutu: Gísli Magnússon og Hróbjartur Jónasson með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

III. Kosnir 2 menn í forðagæslunefnd í stað Sigurðar Helgasonar og Árna Gunnarssonar. Kosningu hlutu: Einar Guðmundsson Ási og Þórarinn Jónasson Hróarsdal

IV. Kosin í nautgripakynbótanefnd í stað Halls Pálssonar Kosningu hlaut Gísli Jakobsson Keldudal

V. Kosin í hestakynbótanefnd í stað Sig. Ólafssonar og var sami maður endurkosinn.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið.

Sig. Ólafsson
fundarritari.

Árið 1934, 24 júní að afstöðnum hreppsnefndarkosningum í Rípurhr. skipti nefndin með sjer verkum þannig. Guðm. Ási kosinn oddviti; Gísli í Holti varaoddviti Sig. á Egg gjaldkeri. Fleira ekki tekið fyrir

Guðm. Ólafsson

Ár 1934, 4 nóv., kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman að Ási til þess, m.a., að ráðstafa fóðurkaupapöntun og úthluta Ellistyrk, er var að upphæð kr. 250.00.

Ákveðið, að hreppurinn taki það af þeim 100 kr. síldarmjöls, sem tilkynnt hefir verið, að þeyr væru afgreiddir til hreppsins, sem ekki hefir verið pantað af einstökum mönnum — fáist það með sanngjörnum kjörum.

6 umsóknir lágu fyrir um Ellistyrk, og voru allar teknar til greina.

Hlutu umsækjendur þann styrk, er hjer segir.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurbjörg Garði | kr. | 60.00 |
| Sigurlaug Keldudal | — | 60.00 |
| Lilja Hróarsdal | — | 50.00 |
| Guðrún Ási | — | 37.50 |
| Sveinn Eyhildarholti | — | 22.50 |
| Helgi Hamri | — | 20.00 |

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið

Gísli Magnússon.

Þriðjudaginn 27 Nóvember 1934
var hreppsfundur haldinn að Ríp
til fundarins boðaði oddviti hreppsins
Guðm. Ólafsson og setti hann fundinn
og nefndi hann til fundarskrifara
Jón Sigurjónsson. Efni fundarins var
„Síldarmjölspöntun" hreppsins. meiri hluti
hreppsnefndar Sig. Þórðarson og Gísl. Magnússon
vildu láta hreppinn taka ~~sumar~~ um 40 tunnur
sem fordæluir fyrir hreppinn samanber fundargerð frá 4 nóvember en minni hluti
Guðm. Ólafsson vildi ekki láta taka meira
síldarmjöl heldur en einstaklingar pöntuðu
Meiri hluti hreppsnefndar sjeði í álitum og
kom síldarmjölið með póstkröfu til
Sauðárkróks, og óskuðust umræður fundarins

að öllu leyti um hvort hreppurinn átti að
taka þessar 40 tunnur eða ekki. Umræður
urðu allskarpar um ~~málið~~ málið að lokum
kom fram tillaga frá oddvita svohljóðandi
Látaz síldarmjöls~~pöntun~~ sendingu þeim sem komnar er
til Sauðárkróks á nafn Rípurhrepps mótmælir

fundurinn að hreppurinn taki ~~meira~~ síldarmjöl
en nú er pantað af einstaka mönnum sirka
62 tunnur og hreppsnefndin. Falið að selja þessar
34 tunnur sem fram yfir eru eða ráðstafa á einhvern
annan hátt. Tillagan samþykkt með 9 samhljóða
atkvæðum. Sigurður Þórðarson hreppsnefndar
maður á Egg lýsti því yfir á fundinum að
hann starfaði ekki sem hreppsnefndarmaður í
Rípurhreppi lengur vegna þess að hann segist
líta svo á að oddviti hafi lýst vantrausti á
[illegible] sem samstarfsmanni sínum í hreppsnefnd
og einnig hafi komið fram raddir hjá sumum
fundarmönnum í sömu átt. Þá ~~bar~~ bar Guðmundur
Ólafsson ~~bað~~ undir fundinn hvort hann liti
svo á að hann hefði borið fram vantraust
á Sigurð á Egg og neitaði fundurinn því
með 8 samhljóða atkvæðum. Þá lýsti Guðmundur
því yfir að hann starfaði ekki í hreppsnefndinni
frá þessum degi af þeim á stæðum að hann
vildi ekki starfa í nefndinni að eins meðnefndar-
manni oddviti þar sem meðnefndarmennirnir hefðu
gert vörupöntun ~~fyrir~~ fyrir hreppinn upp á
fleiri þúsund krónur án hans vitundar og í
óðinlægi gæti hann ekki stjórnað þessu

smita. Fjelagi þar sem nokkrir menn innir hafi ekki sótt þann hreppsnefndar fund er hann boðaði til og ekki tilkynt nein forföll
Fleira ekki tekið fyrir
Fundargjörð lesin upp og samþykt
Fundi slitið.

Jón Sigurjónsson
(fundarskrifari)

Guðm. Ólafsson

Ár 1934, 8. dag desbr. mán. kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman að Ási.

Þetta gjörðist á fundi nefndarinnar:

1. Ákveðið, að boða til almenns hreppsfundar 19. jan. n.k. til þess að kjósa 2 menn í hreppsnefnd í stað þeirra tveggja, er sögðu sig úr nefndinni. Ennfr. ákveðið, að hafa kosninguna opinbera.
2. Samkv. bréfi til skólanefndar hreppsins um tegundir til handa skólabörnum, ákvað nefndin að veita áfurlíka upphæð af hreppsfje til lýsiskaupa handa skólabörnum.

Fundi slitið.
Gísli Magnússon

Árið 1935, 18 jan var hreppsnefndarkosningarfundur haldinn á Ríp. til fundarins var boðað með skriflegu fundarboði og í því tilkynt að kjósa ætti 2 menn í nefndina í stað Guðm. Ólafssonar í Ási og Sigurðar Þórðarsonar á Egg er báðir höfðu sagt sig úr nefndinni, einnig var skriflega tilkynt að kosningin yrði leynileg.
í kjörstjórn var hreppsnefndin höfst á kosningin kl. 1 e. hd. Hreppsnefndin útbjó kjörherbergi og tjaldaði fyrir glugga. Á borði þar lá kjörskrá hreppsins og ritföng til afnota fyrir kjósendur. Dyravörður var fyrir herbergi kjörstjórnar.

Fimm utankjörfundar seðlar bárust, og voru teknir gildir af meirihluta kjörstjórnar.
Þrír vafaseðlar komu úr atkvæðakassanum sem stóð innsiglaður á borði kjörstjórnar, voru tveir með skrifuðum mannanöfnum og númerum, en einn með eins númeri. vildi oddviti taka tvo gilda en meirihlutinn vildi taka þá alla, var svo gert.

Atkvæðagreiðslan fjell þannig, að kosnir

voru í nefndina Jón Sigurjónsson í Ási með 26 atkvæðum, og Páll Jónasson í Hróarsdal með 26 atkvæðum, Hallur Pálsson Garði hlaut 25 atk. og Sig. Þórðarson Egg 23 aðrir minna. Lýsti því form. kjörstjórnar þá Jón Sigurjónsson í Ási, og Pál Jónasson í Hróarsdal rjett kosna í nefndina

Ár og dag sem áður greinir

Guðm. Ólafsson

Gísli Magnússon. Sig. Þórðarson

Að loknum ofangreindri hreppsnefndarkosningu hjelt hin nýkjörna hreppsnefnd fund til að skipta með sjer verkum. Fór sú verkaskipting þannig, að Gísli Magnússon var kjörinn oddviti en Jón Sigurjónsson gjaldkeri og fjallskilastjóri.

Fleira gerðist ekki.

Gísli Magnússon.

Ár 1935 þann 9 dag marz-mánaðar var almennur hreppsfundur haldinn að Ríp. Hafði til fundarins verið boðað af oddvita hreppsins Gísla Magnússyni í Eyhildarholti, til að ræða um ýms hreppsmál. Fundinn setti oddviti og nefndi til ritara Sigurð Ólafsson á Hárastöðum. Gjörðir fundarins voru þessar:

I. Oddviti las upp erindi frá verzlunum á Sauðárkróki, viðvíkjandi fóðurbætiskaupum nú síðar í vetur. Óskaði oddviti að umræðum yrði frestað að sinni, þar til síðar á fundinum.

II a. Oddviti las upp reikning hreppsins fyrir árið 1934, og skýrði hann fyrir fundinum. Eftir nokkrar umræður um rekstrarreikning hreppsins kom fram svohljóðandi tillaga:

„Fundurinn samþykkir að hreppsjóður gefi eftir skuld Nautgriparæktarfélags Rípurhrepps ~~upph.~~ kr 140,00 ásamt vöxtum þess láns frá upphafi eða síðustu 4 ár eða alls kr. 168,00"

Tillaga þessi borin upp og samþykkt með ~~7~~ samhl. atkv.

b. Þá las oddviti upp eignar-reikning hreppsins fyrir 1934 og skýrði hann fyrir fundinum. — Eftir nokkrar umræður var eignar-reikningurinn tekinn út af dagskrá.

III. Vegamál. Þá hóf oddviti hreppsins máls um
vegamál hreppsins og benti hann á, að þegar
væri búið að leggja mikið vegakerfi sveitarinnar
nú síðari ár, en mikið væri enn ógert um vegina
~~og~~ yrði því að halda vegamálinu áfram, enn, því
takmarkið væri, að fá bílfæran veg heim á hvert býli
á öllum árstímum, og taldi nauðsynlegt að Mið-
vegur yrði gerður sem fyrst að 1 fl. sýsluvegi.
Eftir nokkrar umræður kom fram svohljóð-
andi tillaga frá oddvita:
„Fundurinn felur hreppsnefndinni að senda
rökstudda áskorun til sýslunefndar um það
að Miðvegur verði þegar tekinn upp í tölu I flokks
sýsluvega. Jafnframt skorar fundurinn á sýslu-
nefndarmann hreppsins að vinna að framgangi
málsins í sýslunefnd, svo og að sækja um kr.
3000,oo framlag úr sýslusjóði til framhalds ~~á~~
Miðvegar á næsta vori."
Tillagan borin upp og samþykkt með öllum atkv.
og málið þar með tekið af dagskrá.
IV. Fræðslumál. Þá hóf Hróbjartur Jónsson
á Hamri umræður um fræðslumál hreppsins
fyrir hönd skólanefndar. Las hann upp bréf
frá fræðslumálastjóra um skólamál sveitarinnar

og gat um frumvarp það er fyrirliggur, viðvíkj-
andi heimavistar~~sk~~ skólum í framtíðinni. —
Eftir ~~nokkrar~~ langar umræður flutti framsögumaður
svohljóðandi tillögu:
„Fundurinn skorar á íbúa Rípurhrepps að
vera stranglega á verði fyrir því, að barna-
fræðslan verði flutt út úr hreppnum. Felur
fundurinn jafnframt skólanefnd að útvega
hjá fræðslumálastjórninni ~~teik~~ uppdrátt og
kostnaðaráætlun, um hæfilega stórt skólahús
fyrir Rípurhrepp, og leggi síðan þau gögn
ásamt öðrum upplýsingum, er nefndin kann
að afla sér, þar að lútandi, fyrir almennan
hreppsfund, svo fljótt sem ~~verða má~~.
Tillagan borin upp og samþykkt með öllum
atkvæðum. —
Þá kom fram enn fremur svohljóðandi tillaga
viðvíkjandi skólahúsbyggingunni:
„Fundurinn skorar á alla hreppsbúa unga
og gamla, þá er færir eru til vinnu, eða ástæður
hafa til þess, á annan hátt, að gefa eitt dags-
verk á ári í skólabyggingarsjóð"
Tillagan borin upp og samþykkt í einu
hljóði.

V. Lestrarfélag hreppsins. Þá hóf Þórarinn Jónasson í Hróarsdal formaður Lestrarfélagsins umræður um, að styrkur sá er félagið fengi úr sveitarsjóði yrði ~~?~~ hækkaður úr Kr. 50,00 upp í Kr. 100,00. Var það álit fundarins, að hreppurinn legði áfram Kr. 50,00 til bókbands, en einstaklingar greiddu árstillög sín Kr. 3,00 til bókakaupa. – Þá kom fram svohljóðandi tillaga frá formanni Lestrarfélagsins:

„Fundurinn samþykkir að hreppstillagið til Lestrarfélagsins sé hækkað úr Kr. 50,00 upp í Kr. 100,00."

Þá kom fram svohljóðandi aukatillaga frá Guðmundi Ólafssyni í Ási:

„Fundurinn samþykkir að hreppstillagið sé óbreytt, en reynt sé að innkalla árstillög frá heimilunum Kr. 3,00."

Aukatillagan samþykkt með 6:1 atkv. og þar með aðaltillagan fallin.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundi slitið!

Gísli Magnússon. Sig. Ólafsson
fundarritari.

Hinn 9. dag marzmán. 1935 hjelt hreppsn. Rípurhrepps fund með sjer til þess, samkv. tilmælum sýslumanns, að benda á 3 menn sem úttektarmenn fyrir hreppinn til næstu 6 ára, 1 aðalmann og 2 varamenn. Kom nefndin sjer saman um að benda á sem aðalmann Gísla Jakobsson, Keldudal, og varamenn: Magnús H. Gíslason, eldri, Eyhildarholti og Guðmund Ólafsson, Ási.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Gísli Magnússon.

Hinn 29. dag marzmán. hjelt hreppsnefnd Rípurhrepps fund með sjer á Sauðárkróki.

Þetta gerðist á fundinum:

Ákveðið að Rípurhreppur leggi Kr. 500.00 til Miklavegar á vori komanda, gegn jafnmiklu framlagi úr ríkissjóði, og sýslunefndarmanni hreppsins falið ~~?~~ að tilkynna það sýslunefnd.

Fleira ekki. Fundi slitið.

Gísli Magnússon.

1935

Hinn 12. dag marzmán. kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman að Eyhildarholti til að jafna niður aukaútsvörum fyrir árið 1935.

Jafnað var niður Kr.: 3021.00 á 51 gjaldanda. Var skattskrá hreppsins fyrir árið 1934 lögð til grundvallar niðurjöfnuninni eins og að undanförnu, og álagningu hagað, sem hjer segir:

Á brúttótekjur var lagt 1 1/2 % (veltugjald).

Á nettótekjur – að frádregnum ómögum (400 kr. fyrir hverjum hinum (12 ára og yngri) ómaga) var lagt 4% á fyrstu 500 kr., og síðan hækkandi um 1/2 % á hverjum 500 kr.

Á skuldlausa eign var lagt 4‰ á fyrstu 5000 kr., og síðan hækkandi um 1/2 ‰ á hverjum 1000 kr.

Samþ. að hreppsvegavinnan á þessu vori verði unnin í Hellulandsvegi og Hróarsdalsvegi.

Fleira eigi fyrir tekið. Fundi slitið.

Gísli Magnússon.

## Fundargerð.

Árið 1935, hinn 3. dag nóvembermán., var hreppsnefndarfundur haldinn að Eyhildarholti.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Úthlutað Ellistyrk, er var að upphæð Kr. 260.00 þeim umsækjendum hluta styrks, svo sem hjer segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Guðrún Jónsdóttir, | Ási, | fékk | Kr. 40.00 |
| 2. Helgi Pjetursson, | Hamri, | — | — 25.00 |
| 3. Jóakim Jónasson, | Naustavík, | — | — 60.00 |
| 4. Lilja Jónsdóttir, | Hróarsdal, | — | — 35.00 |
| 5. Sigurbjörg Jónasd., | Kárast., | — | — 25.00 |
| 6. Sigurlaug Þorláksd., | Keldudal, | — | — 50.00 |
| 7. Sæm. Eiríksson, | Eyhildarh., | — | — 25.00 |
| | | | Alls Kr. 260.00 |

II. Lesið upp brjef frá forðagæslumönnum hreppsins viðvíkjandi fóðurbirgðum hreppsbúa. Bar það brjef með sjer, að samkv. áætlun forðagæslumanna skorti allmikið á, að hreppsbúar hafi nægilegt fóður fyrir fjenað sinn, eða samtals um 300 hesta heys.

Útaf erindi þessu var engin ályktun tekin.

III. Lesið upp bréf frá Sigurði Ólafssyni á Kárastöðum, ásamt reikningum Hrossaræktarfélags Rípurhrepps, þar sem farið er fram á eptirgjöf á láni Hrossaræktarfélagsins.

Engin ályktun gerð.

IV. Samið við Jón Sigurjónsson, Ási, um að sjá um hundahreinsun, að því er hreppinn áhrærir, fyrir kr. 8.00.

V. Eptirlitsmenn með væntanlegri sauðfjárböðun tilnefndir Gísli Jakobsson, Keldudal og Magnús Gunnarsson, Utanverðunesi.

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið.

Gísli Magnússon.

Hinn 14. dag desbr. mán. 1935 voru af meiri hluta hreppsnefndar kosnir í áfengisvarnarnefnd til 4 ára – samkv. lögum nr. 33, frá 9. jan. 1935 – Hróbjartur Jónasson, Hamri, og Magnús Gunnarsson, Utanverðunesi. Stjórnskipaður formaður nefndarinnar er Sig. Ólafsson, Kárast.

Gísli Magnússon.

## Fundargjörð

Þann 14 Marz 1936, var settur og haldinn al-
mennur hreppsfundur að Rip. - Fundinn setti
oddviti hreppsins Gísli Magnússon að Eyhildar-
holti, og nefndi hann til ritara Sigurð Ólafsson
að Kárastöðum. Gjörðir fundarins voru þessar.
I oddviti lagði fram svohljóðandi dagskrá fyrir
fundinn:

1. Skýrt frá fjárhag hreppsins.
2. Vegamál
3. Lesið erindi frá skógræktarstjóra og tekin ákvörðun um það.
4. Skýrt frá framfærslulögunum nýju.
5. Skýrt frá tryggingarlögunum, og rætt um stofnun sjúkrasamlags fyrir hreppinn.
6. Hrossaræktarfélagið.
7. Nautgriparæktarfélagið
8. Önnur mál.

Var þá gengið til dagskrár og tekið fyrir:
I Fjárhagur hreppsins. Oddviti las upp og
aðalreikning hreppsins fyrir árið 1935 og
eigna-reikning sömuleiðis, og skýrði frá
fyrir fundinum, ásamt athugasemdum
endurskoðanda Arnórs Árnasonar. og

svörum reikningshaldara hreppsins við þeim.
Nokkrar umræður urðu um reikningana
og fyrirspurnir til oddvita og svaraði hann þeim
greiðlega. Undir umræðunum kom fram svo-
hljóðandi tillaga: „Fundurinn vill vekja athygli
á því að skólabörnum hreppsins, sé gefið lýsi
á skólaskyldum aldri, og heimilar hreppsnefnd-
inni, fjárveiting til þess, eftir reikningi skóla-
nefndar- fyrir árið 1936." Tillagan borin
upp og samþykkt með 6 atkv. gegn 4 atkv. og
þar með voru ~~en~~ reikningamálin tekin af dagskrá
II. Vegamál hreppsins. Þá hóf oddviti umræður
um vegamál hreppsins. Reifaði hann málið og
benti á að nauðsyn bæri á að fá Miðveginn sam-
þykktan sem I flokks sýsluveg það fyrsta að hægt væri.
Eftir litlar umræður flutti oddviti svohl.
tillögu: „Fundurinn felur sýslunefndar-manni
hreppsins að vinna að því öllum árum á næsta
sýslufundi, að Miðvegur verði þegar gerður að
I flokks sýsluvegi". Tillagan borin upp og
samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. og
þar með tekið af dagskrá.
III Erindi frá Skógræktarfélagi Íslands. Þá
las oddviti erindi frá Hákoni Bjarnasyni:

Skógræktarstjóra Íslands þar sem hann óskar eftir að stofnuð verði skógræktardeild fyrir hreppinn í skógræktarfélaginu. —
og flutti oddviti jafnframt svohl. tillögu
„Enda þótt fundurinn telji skógræktar-málið nauðsynjamál, sér hann eigi fært að nú á þessum örðugu tímum að verða við málaleitun skógræktarstjóra, og felur oddvita að svara erindi hans í samræmi við það.“ Tillagan borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Tekið svo af dagskrá.

IV - Framfærslulögin nýju. Oddviti lagði fram framfærslulögin nýju til athugunar fyrir fundarmenn. Engar umræður.

V. Tryggingar. Þá lagði oddviti fram tryggingarlögin nýju, og hóf því næst umræður um stofnun sjúkrasamlags fyrir hreppinn og reifaði málið fyrir fundarmenn. Eftir nokkrar umræður kom fram svohljóðandi tillaga: „Almennur hreppsfundur haldinn að Ríp 14 Marz 1936. samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd til að kynna sér og undirbúa ef æskilegt þykir, stofnun sjúkrasamlags Rípurhrepps“ Tillagan borin upp og sam-~~þykkt~~ þykkt með öllum greiddum atkvæðum.
Þá voru kosnir í nefndina.
Oddviti hreppsins Gísli Magnússon Eyh.holti Páll Jónasson Hróarsdal Sigurður Ólafsson Kárastöðum. Málið þar með tekið af dagskrá.

VI. Hrossaræktarfélagið. Þá hóf Sigurður Ólafsson á Kárastöðum formaður félagsins — umræður um starfsemi félagsins og reikninga ~~félagsins~~ þess fyrir árin 1933-4 - 1934-5. —
Eftir nokkrar umræður flutti formaður svohljóðandi tillögu: „Fundurinn óskar eftir að leigður sé kynbótahestur næsta vor, og vill í því sambandi benda á að kynbótanefndin taki verðlaunaðan hest til þessa, og heimilar henni að leggja á folaldagjöld til að bera uppi tilheyrandi kostnað.“ Tillaga þessi borin upp og samþykkt með 6 : 2 atkv. og þar með tekið af dagskrá.

VII Nautgriparæktarfélagið. Þar sem form. nautgriparæktarfélagsins var ekki mættur. var þessi liður dagskrárinnar feldur niður.

VIII "Önnur mál. Þá var tekinn fyrir síðasti liður dagskrárinnar, og hóf þá

Páll Jónasson Hróarsdal, fyrstur máls um
a. Sýsluvega(skatt) gjöld hreppsins. Frum-
mælandi benti á að núgildandi regla um
niðurjöfnun á þessum gjöldum væri innifalið í
útsvarsálagningu, en taldi meira réttlæti
að hver jörð beri sinn samverulegt gjöld
að þessu leyti. Eftir miklar umræður flutti
frummælandi svohljóðandi tillögu:
„Almennur hreppsfundur haldinn að Ríp
14 Marz 1936 samþykkir að innheimta fram-
vegis sýsluvegagjaldið, sem lögum samkvæm-
ber að greiða af fasteignamatsverði jarða og
húsum á þeim, samkvæmt 3 gr. laga nr. 10.
20 Júní 1923, en ekki samkvæmt breytinga
frá 1927 á téðum lögum" Tillaga þessi borin
upp og samþykkt með 6 : 4 atkvæðum, og
málið þar með tekið út af dagskrá."
b. Fóðurtryggingarfélög. Framsögumaður
Sigurður Ólafsson Kárastöðum. Reifaði frum-
mælandi málið fyrir fundarmenn og vísaði
því svo fram til umræðu. X Fundurinn sam-
þykkir að fela þriggja manna nefnd að
undirbúa stofnun fóðurbyrgðafélags
fyrir Rípurhrepp, og leggja samþykkt
X Þá kom fram svohl. tillaga:

þar að lútandi fyrir næsta sýslu fund"
Þá voru kosnir í nefndina.
Oddviti Gísli Magnússon Eyhildarholti
Páll Jónasson Hróarsdal Sig. Ólafsson Kárast.
og þar með var málið tekið af dagskrá:
c. Fóðurbætiskaup. Þá hóf Hróbjartur
Jónasson máls á því, að bændur er
keyptu síldarmél frá verksmiðjum ríkis-
ins, þyrftu að beitast fyrir því að fá
II flokks mél, til að fá góðan fóðurbætir.
~~En~~ þessi tillaga kom fram í málinu, ~~og þar~~
~~með tekið út af dagskrá~~ — „Fundurinn
samþykkir, að skora á fulltrúa Rípur-
deildar að beita sér fyrir því á næsta
aðalfundi K. S., að það tryggi bændum
í tíma nægan og tvímælalaust góðan
og ósvikinn fóðurbætir." Tillagan borin
upp og samþykkt með öllum greiddum at-
kvæðum, og þar með tekið af dagskrá.
Fundargerð upplesin og samþ.
Fleira ekki tekið, fundi slitið.
fyrir Sig. Ólafsson
Gísli Magnússon — fundarritari —

Fundargjörð.

Þann 13 Mai ár 1936. var haldinn almennur hreppsfundur að Ási. Fundinn setti oddviti hreppsins Gísli Magnússon að Eyhildarholti, og hafði hann boðað til fundarins áður. Gjörðir fundarins voru.

I. Oddviti skýrði frá því að hreppnum hefði boðist til kaups jörðin Kelduðalur af eiganda hans Sigur laugu Sigurðardóttur Sauðárkróki. Eftir langar umræður kom fram svohljóðandi tillaga og var samþ.

„Fundurinn felur hreppsnefndinni að ná eignarrétti á jörðinni Kelduðal með eins aðgengilegum borgunarskilmálum og lágu verði sem hægt er fyrir hreppinn."

Tillaga þessi var borin upp og samþykt með 13 atkvæðum gegn 4 atkvæðum og málið þar með tekið af dagskrá

II Lesið upp af oddvita hreppsins frumvarp til reglugerðar fyrir fóðurbirgðafélags Rípurhrepps samþykt af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu o.fl. skjöl sem það 2 greinum og hafði fundurinn ekkert við þær að athuga, og samþykti þær.

Fundargerð upplesin og samþykt

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Gísli Magnússon. Sig. Ólafsson
fundarritari

## Fundargerð, 1936

Hinn 27. d. júnímán. kom hreppsn. Rípurhr. saman á Sauðárkróki, til þess að ráða um hreppsábyrgð til handa Páli Jónass. vegna sparisjóðsláns til kaupa á Kelduðal.

1. Samþykkt, að hreppsnefnd Rípurhrepps, f. h. sveitarsjóðs Rípurhrepps, ábyrgist vegna Páli Jónassonar frá Hróarsdal, nú í Kelduðal, sparisjóðslán að upphæð 3300 — þrjú þúsund og þrjú hundruð — krónur, er hann fær til kaupa á jörðinni Kelduðal, með 1. veðrétti í téðri jörð.

Fleira gerðist ekki.

Gísli Magnússon. Jón Sigurjónsson

## Fundargerð.

20. dag janúarmán. 1937, kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman, til þess að skipa 2 aðalmenn og 2 varamenn í sáttanefnd Rípursáttaumdæmis til næstu 4 ára.

Nefndin kom sér saman um að skipa þessa menn:

Aðalmenn:

Sigurð Ólafsson, Kárastöðum,
Magnús Gunnarsson, Utanverðunesi.

Varamenn:

Hróbjart Jónasson, Hamri.
Hall Pálsson, Garði.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Gísli Magnússon.

## Fundargerð.

Hinn 30. dag marzmán. 1937 kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman að Ríp, til að skipa einn mann í skattanefnd hreppsins í stað Gísla Magnússonar, er skipaður hefir verið aðalmaður í yfirskattanefnd Skagafjarðarsýslu, svo og varamann í stað Péturs Sigurðssonar, Ketu, er verið hefir varamaður síðastl. 6 ár.

Nefndin kom sér saman um að skipa sem aðalmann í skattanefndina Sigurð Ólafsson, bónda á Kárastöðum, og sem varamann Pétur Sigurðsson, bónda í Ketu, báða til næstu 6 ára.

Gísli Magnússon.
Páll Jónasson

# Fundargjörð

Þann 30 Marz 1937 var haldinn almennur hreppsfundur að Rip. Hafði oddviti hreppsins Gísli Magnússon Eyhildarholti boðað til fundarins með fundarboði. Oddviti hreppsins setti fundinn og stjórði honum og nefndi hann til ritara Sigurð Ólafsson á Hárastöðum. Gjörðir fundarins voru þessar:

I Oddviti Gísli Magnússon las upp endurskoðaðan reikning hreppsins fyrir árið 1936, og skýrði frá fjárhag hreppsins fyrir s.l. ár. Eftir nokkrar umræður voru reikningarnir teknir af dagskrá.

II. Fjallskilamál. Sigurður Ólafsson Hárastöðum, skýrði frá því að hann hefði endurskoðað fjallskilasjóðsreikning hreppsins, og hefði ekki haft neitt við hann að athuga, en taldi hinsvegar ekki fjarri lagi að endurskoða reglur þær er lagt væri á, eftir til fjallskila. Eftir nokkrar umræður kom fram svohljóðandi tillaga frá framsögumanni:
- „Fundurinn ákveður að kjósa 3 manna nefnd til að endurskoða lista þann sem farið er eftir þegar lagt er í dagsverk fjallskila, og sé fjallskilastjóri formaður nefndarinnar." - Tillagan borin upp og samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Kosnir voru: Jón Sigurjónsson Ási. Sigurður Þórðarson Egg og Sigurður Ólafsson Hárastöðum.

Þá kom fram svohljóðandi tillögur um Kr. 60.06 sem er 7/12 oddvitalauna 7/12 kostnaðar fyrverandi oddvita við sveitastjórn hreppsins árið 1934.

Páll Sl. Jónasson Hróarsdal flutti þessa tillögu „Vegna þrálátra deilna milli fyrverandi oddvita og núverandi oddvita Ríparhrepps um laun þeirra sem fráfaranda og viðtakanda er oddvitaskifti urðu 18 jan 1935. Skorar almennur hreppsfundur haldinn að Rip í Ríparhreppi, á háttvirta sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, að fella nú í vetur komandi úrskurð um deilu þessa, standi það í hennar valdi."

Tillagan borin upp og feld.

Sigurður Þórðarson Egg flutti svohlj. tillögu:
- „Fundurinn samþykkir að greiða fyrverandi oddvita Guðm. Ólafssyni Ási Kr. 60.06 sem séu eftirstöðvar oddvitalauna og kostnaðar er hann lét af störfum." Tillagan borin upp og feld.

Sigurður Ólafsson Hárastöðum flutti svohlj. tillögu
- „Fundurinn skorar á núverandi hreppsnefnd og fyrverandi oddvita að fara í gegnum reikninga hreppsins frá því hann tók við oddvitastörfum og þar til hann lét af þeim til að fá fullnaðarúrskurð um 7/12 oddvitalauna og 7/12 kostnaðar ~~kr~~ Kr. 60.06" Tillagan borin upp og samþ. samhljóða

III. Vegamál. Oddviti hreppsins Gísli Magnússon flutti erindi um vegamál hreppsins, og skýrði frá því sem gert hefir verið í vegamálum sveitarinnar og hvað þyrfti að gera í þeim málum nú á næstunni. Eftir nokkrar umræður kom fram svohljóðandi tillaga frá oddvita er borin var upp til samþ.

1 - „Fundurinn skorar á sýslunefndarmann hreppsins að beita sér af alefli fyrir því í sýslunefnd, að Miðvegur verði nú þegar tekinn upp í tölu 1. flokks vega, og fé til hans veitt svo ríflega að nægi til að fullgera hann fram á Eggjarnesbakka á vori komanda."

Tillagan borin upp og samþ. samhljóða

Þá flutti oddviti svohl. tillögu:

2. Fáist eigi framlag úr sýslusjóði til Miðvegar samþykkir fundurinn að veita alt að kr 700,oo til vegarins á þessu ári." úr sv.sj.

Tillagan borin upp og samþ. samhljóða.

IV. Lestrarfélagið. Þá las oddviti upp bréf frá Sig. Sigurðssyni sýslum. dags 20 Febr. 1937 um stofnun Sambands Lestrarfélaga Skagafjarð. ásamt lagafrumvarpi fyrir væntanlega stofnun. Reifaði oddviti svo málið og minntist þá á Lestrarfélag Rípurhrepps í þessu sambandi. – Eftir nokkrar umræður kom fram svohljóðandi tillaga frá framsögum.

- „Fundurinn samþykkir, að árlegt tillag ~~til~~ sveitasjóðs til Lestrarfélags Rípurhrepps verði hækkað um kr. 50,oo gegn því að Ufn. „Hegri" styrki Lestrarfélagið með nokkru árl. framlagi":

- Tillagan borin upp og samþ. samhljóða":

- Þá flutti oddviti ennfremur eftirfarandi till.

„Fundurinn sér ekki ástæðu til að taka þátt í stofnun hins fyrirhugaða Sambands Lestrarfélaga í Skagafjarðarsýslu." Till. samþ.

Ennfremur flutti oddviti eftirfarandi till.

- „Fundurinn leggur til að 3ja manna nefnd endurskoði reglur Lestrarfélags Rípurhrepps, og sé einn kosinn af almennum hreppsfundi, annar af Ungmennafél. „Hegri" og hinn þriðji sé núverandi formaður Lestrarfélagsins. Leggi svo nefndin árangurinn af starfi sínu fyrir næsta alm. hreppsfund."

Tillagan borin upp og samþykt og kosinn fyrir hönd hreppsins Páll Sl. Jónasson Hróarsdal

V. Sundlaugarbygging við Varmahlíð. Þá hóf oddviti hreppsins máls á væntanlegri sundlaugarbyggingu við Varmahlíð. Reifaði framsögumaður málið fyrir fundinum og skýrði frá því sem gert hefði verið í málinu, og eftir nokkrar umræður flutti framsögumaður svohljóðandi tillögu.

„Fundurinn beinir þeirri áskorun til sýslunefndarmanns hreppsins, að beita sér fyrir því í sýslunefnd, að veittur verði riflegur styrkur úr sýslusjóði til sundlaugarbyggingar í Varmahlíð á vori komandi." —

Tillagan borin upp og samþ. samhljóða.

VI. Þá gerði Ólafur Sigurðsson Hellulandi fyrirspurn til hreppsnefndar hreppsins um það hvort Heldudalur ætti að standa í sömu auðn og hingað til. Svaraði Páll H. Jónasson oddviti því, að það myndi ekki verða svo á næstunni, og var fyrirspurninni þar með fullnægt.

VII. Þá flutti Sigurður Ólafsson Kárastöðum svohljóðandi tillögu um vegamál út „nesið" að vestan frá Ketu út á sýslubraut.

„Fundurinn óskar eftir að hreppsnefnd Rípurhrepps beiti sér fyrir því að vegurinn frá Ketu, Keldudal, Hróarsdal, Kárastöðum og Hellulandi út á sýslubraut verði tekinn upp í 2 flokks sýsluvegatölu, og sendi hún erindi um það næsta sýslufundi Skagafjarðar"

(above line: sýslu-)

Tillagan var rædd og svo borin upp og samþykkt.

VIII Skólamál. Þá flutti Hróbjartur Jónasson Hamri erindi um væntanlega barnaskólabygginu fyrir sveitarfélagið og flutti í því sambandi eftirfarandi tillögu:

„Almennur hreppsfundur haldinn að Ríp, óskar eftir að sýslunefnd veiti Rípurhreppi heimild til að taka lán í Söfnunarsjóði Íslands eða annari lánsstofnun ef aðgengi. legri þætti alt að Kr. 3000.00 til skólahúsbyggingar, gegn Kr. 3000.00 tillagi úr Ríkissjóði."

Tillagan rædd og svo borin upp og samþ.

IX. Nautgriparæktarmál. Þá hóf Sigurður Þórðarson Egg máls um starfsemi ~~f~~ nautgriparæktarfélag Rípurhrepps, og las upp reikning félagsins fyrir árið 1935. Þá skýrði eftirlitsmaður frá starfsemi félagsins. sl. ár. Þá kom fram svohl. till.

„Fundurinn felur stjórn nautgriparæktarfél. að ~~[illegible]~~ velja 2 naut til afnota næsta ár til kynbóta á félagssvæðinu." Till. samþ.

X. Hrossaræktarfélagsmál. Formaður Hrossa-
ræktarfélagsins Sig. Ólafsson á Hárastöðum
las upp reikninga félagsins fyrir árið 1935–36
og skýrði hann fyrir fundinum. Þá minntist form.
á framtíðarstarfsemi félagsins og óskaði eftir
að fundarmenn létu uppi álit sitt á vali
á kynbótahesti fyrir næsta vor.—
Eftir nokkrar umræður flutti formaður
svohl. tillögu:
—„Fundurinn óskar eftir að valinn sé kyn-
bótahestur, og felur stjórn hrossaræktarfél-
agsins að velja hest til þess að nota á næsta vor"
Tillagan borin upp og samþykt gegn 1 atkv.
Fleira ekki tekið fyrir, fundargjörðin
upplesin og samþykt. Fundi slitið

Gísli Magnússon Sigurður Ólafsson
— fundarritari —

Þann 6. Maí 1937 var settur og haldinn al-
mennur hreppsfundur að Hellulandi - á eftir
deildarfundi í K.S. —. Fundinn setti oddviti hreppsins
Gísli Magnússon Eyhildarholti, og stýrði honum
og, nefndi til ritara Sigurð Ólafsson á Hárastöðum.—
Gjörðir fundarins voru:
I Deildartunguveikin. Oddviti skýrði frá því að
einn hreppsnefndarmaðurinn (Páll Jónasson) hefði
óskað eftir að haldinn yrði hreppsfundur til
að ráða um varnir gegn Borgfirsku-veikinni í
sauðfé.— Eftir nokkrar umræður var kosin
þriggja manna nefnd til að athuga um varnir
og fleira. Kosningu hlutu: Jón Sigurjónsson Ási,
Sigurður Ólafsson Hárastöðum, Þórarinn Sigurjónsson
Garði.— Þá var samþykt að ráða mann til að
gæta Vesturósbrúarinnar í mánaðartíma, og jafna
þeim kostnaði er af því leiddi á fjáreigendur
á fjársvæðinu, og var málið þar með tekið
af dagskrá

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

Sig. Ólafsson
— fundarritari.—

Ár 1937 föstudaginn 25 Júní fóru fram
kosningar í hreppsnefnd og fleiri starfs-
nefndir að ~~hreppa~~ afstöðnu framtali til
hreppaskila. Kosningar féllu þannig:
Í hreppsnefnd:
Gísli Magnússon Eyhildarholti
endurkosinn með 30 atkv.
Í skólanefnd: Kosningu hlutu:
Hróbjartur Jónasson Hamri með 25 atkv.
og Þórarinn Jóhannsson Ríp með 21 atkv.
Í stjórn fóðurbirgðafélagsins: Kosningu
hlutu: Gísli Magnússon Eyhildarholti
Hróbjartur Jónasson Hamri og Þórarinn
Jóhannsson Ríp.
Í stjórn nautgriparæktarfélagsins.
Kosinn var: Einar Guðmundsson Ási.
Í stjórn hrossaræktarfélagsins.
Kosinn var: Þórarinn Jóhannsson Ríp.
Eftirlitsmenn vegna borgfirsku-
veikinnar: Kosnir voru.
Einar Guðmundsson Ási
Sigurður Ólafsson Hárastöðum
Sigurður Helgason Utanverðunesi
Árni Sigurðsson Kétu.

Kosningin stóð yfir í rúmar 2
klukkustundir og greiddu allir við-
staddir atkv.
Fleira ekki fyrir tekið.
p.t. Ríp. 25/6 -37.
Gísli Magnússon Sig. Ólafsson - frá Hárast.
— ritari.

Ár 1938 dag 9 Janúar var settur og haldinn almennur hreppsfundur að Ríp til að ræða um varnir gegn borgfirsku fjárpestinni „mæðiveikinni“ á þessu ári.—
Fundinn setti oddviti hreppsins Gísli Magnússon Eyhildarholti, og nefndi til ritara Sigurð Ólafsson á Kárastöðum.
Oddviti reifaði málið og vísaði því svo fram til umræðu fyrir fundinn.
Eftir nokkrar umræður kom fram svohljóðandi tillaga: að kjósa nefnd í málið
Kosnir voru:

Páll J. Hróarsdal
Sigurður Ólafsson Kárastöðum
Leó Jónasson Svanavatni (Vatnskoti)
Jón Sigurjónsson Ási
Magnús Gunnarsson Utanverðunesi.

Fleira ekki tekið fyrir
fundi slitið.
Sigurður Ólafsson
— fundarritari.—

Ár 1938 dag 26 Febrúar var haldinn og settur almennur hreppsfundur að Ríp. Fundinn setti oddviti hreppsins Gísli Magnússon Eyhildarholti og nefndi til ritara Sigurð Ólafsson á Kárastöðum.

Gjörðir fundarins voru þessar:

I. Oddviti hreppsins Gísli Magnússon las upp reikninga hreppsins fyrir árið 1937 og skýrði þá fyrir fundinum. Út af þeim kom fram svohljóðandi tillaga: „Fundurinn samþykkir að sveitarsjóður greiði fyrverandi oddvita á þessu ári þær kr. 60,00 sem hann hefir talið sér vangoldnar úr sveitarsjóði. Samþ. með 7:3 atkv.

~~II Vegamál. Oddviti lo~~ og reikningarnir þar með teknir af dagskrá.

II Vegamál. Oddviti lagði þá fyrir fundinn vegamál hreppsins og reifaði umræður um þau. Eftir nokkrar umræður kom fram svohl. tillaga frá Páli Jónassyni – „Fundurinn samþykkir að leggja fram kr. 1000.00 til vegamála úr hreppssjóði árið 1938."

Tillagan rædd og svo borin upp og samþykt með öllum atkvæðum.

Þá var í sambandi við vegamál hreppsins flutt fram svohljóðandi tillaga af Sig. Þórðarsyni

„Fundurinn skorar á hreppsnefndina að beita sér af alefli fyrir því við rétta aðila að Miðvegur verði gerður sem fyrst að þjóðvegi".

Þá ~~var~~ tillagan borin upp og samþykkt með öllum atkvæðum.

Þá flutti Sig. Ólafsson erindi um að veginn út „nesið" að vestan yrði gerður að 2 flokks sýsluvegi; og flutti eftirfarandi tillögu:

„Fundurinn óskar eftir að hreppsnefndin beiti sér fyrir því að vegurinn frá Ketu — Keldudal, — Hróarsdal — Kárastöðum og Hellulandi út á þjóðveginn, verði tekinn upp í 2 flokks sýsluvegatölu, og sendi hún erindi um það næsta sýslufundi Skagafjarðar".

— Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða, og þar með voru vegamálin tekin af dagskrá.

III. Símamál. Þá hóf oddviti Gísli Magnússon umræður um einkasímalagningu í hreppnum. eftir nokkrar umræður var kosin 3ja manna nefnd til að athuga um málið fyrir sýslufund n. k. Kosningu hlutu:

Sigurður Ólafsson Kárastöðum
Leó Jónasson Vatnskoti.
Páll Jónasson Hróarsdal.

— Þar með var málið tekið af dagskrá.

IV. Lestrarfélagið. Þá las oddviti upp ~~frv~~ frumvarp til laga fyrir, Lestrarfélag hreppsins. Var frumvarpið samið af Gísla Magnússyni Sigurði Ólafssyni og Páli Jónassyni. Var frumvarpið rætt ítarlega og samþykkt óbreytt, og málið þar með tekið af dagskrá.

V. Fjallskilamál. Nefndarálit.

Nefndsú er kosin var á (síðasta) hreppsf. 30 Marz 1937 lagði fram tillögur um álagningu til fjallskila við niðurjöfnun gangna og útrétta. Tillögurnar ræddar og samþykktar með litlum breytingum og teknar af dagskrá.

VI. Hrossaræktarfélagið. Sigurður Ólafsson Kárastöðum lagði fram reikninga „Hrossaræktarfélagsins". og rætt um kynbætur. hrossa endin ákvörðun tekin um kynbótahest. ~~Málið~~

Reikningurinn borin upp og samþykktur athugasemdalaust. Málið tekið af dagskrá.

VII. Nautgripasýning. Oddviti las upp bréf frá ~~Búnaðarsamb~~ ~~Skagfirðinga~~ Búnaðarf. Íslands um nautgripasýningar í vor og fjárframlag til þeirra. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að sýning yrði haldinn með fjárframlagi úr

sveitarsjóðnum. og það samþ. með öllum atkvæðum gegn einu. Málið tekið svo af dagskrá

VIII „Mæðiveikin“: Þá las Sig. Ólafsson upp bréf til Hákonar Bjarnasonar um „mæðiveikina, en engin ákvörðun tekin frekar í málinu að þessu sinni.

Fundargjörðin upplesin og samþ. Fundi slitið!

Gísli Magnússon. Sig. Ólafsson.
fundarritari.

# Fundargjörð.

Þann 12 júní 1938 var settur og haldinn almennur hreppsfundur að Rip.

Fundinn setti oddviti hreppsins Gísli Magnússon Eyhildarholti og nefndi til ritara Sigurð Ólafsson á Kárastöðum.

Til umræðu var: „Varnir gegn fjárrensli á fjall í vor“.

Eftir nokkrar umræður kom fram svohljóðandi tillaga frá Hróbjarti Jónassyni Hamri „Almennur hreppsfundur 12 júní 1938 samþykkir að girt verði til þess að varna sauðfé að hleppa á afrétt á óheppilegum tíma. Kostnaði við efniskaup greiðist af sauðfjáreigendum með niðurjöfnuðu gjaldi á kind á upprekstrar-félagi í Rípurhreppi. Girðingarstæði verði sem næst: stykkt girðing úr Hellulandstúni út í Hidu klauf, þaðan austur sunnan við Hegravíkur-tún; Framkvæmd á verkinu hefir Leó Jónasson Svanavatni og Magnús Gunnarsson Utanverðunesi. Viðhaldskostnaður girðingarinnar greiðist næstu þrjú ár af fjallskilasjóði. Vinna við uppsetninguna verður gjafavinna.“

Tillagan samþykkt með öllum atkvæðum.

Fleira kom ekki til umræðu.
Fundi slitið!
Sigurður Ólafsson
— fundarritari. —

— Á fundinum mættir —
Hróbjartur Jónasson Hamri
Árni Sigurðsson Kētu
Gísli Magnússon Eyhildarholti.
Sigurður Ólafsson Kárastöðum.
Magnús Gunnarsson Utanverðunesi.
Árni Gunnarsson Keflavík.
Þórarinn Sigurjónsson Garði
Leó Jónasson Svanavatni
Jón Sigurjónsson Ási
Páll Björnsson Beingarði
Guðmundur Stefánsson Ási
Ólafur Eiríksson Hegrabjargi.

Ár 1938 sunnudaginn 31 júlí var hrepps-
nefndar fundur settur og haldinn að Rip. til fund-
arins var boðað með skriflegu fundar boði og
auglýsingu festri upp á Rip, og í því tilkynnt að
kjósa ætti 3 menn í hreppsnefnd 2 menn í skóla-
nefnd 1 ~~aða~~ aðalmann í sýslunefnd og 1 varamann
í sýslunefnd. Hafði verið kært yfir kosning-
unni 26 júní og fór því þessi kosning fram.
Kosningin var leynileg og skrifleg. og í
kjörstjórn var Sigurður Ólafsson Kárastöðum
Þórarinn Sigurjónsson Garði, og Magnús
Gunnarsson ~~Utan~~. Utanverðunesi.
Kjörstjórnin skifti með sér störfum og kaus
Sigurð Ólafsson fyrir formann kjörstjórnar.
Þá útbjó kjörstjórnin kjörherbergi, og tjaldaði
fyrir glugga, á borði þar lá ritblý til afnota
við kosninguna, og dyravörður var settur fyrir
herbergi kjörstjórnar. Kosningin hófst kl. 12.40 e.h.
Tvö utankjörfundar atkvæði bárust í allar
kosningar, og voru teknir gildir af kjör-
stjórn. einn seðill auður.
Kosningar féllu þannig:
að aðalmaður í sýslunefnd var kosinn
Sigurður Þórðarson Egg með 33 atkv.

varamaður í sýslunefnd var kosinn
Gísli Magnússon með 26 atkv.
við aðalsýslunefndarkosningu hlaut
~~þessir atkvæði~~ Gísli Magnússon 28 atkv.
Við varasýslunefndar manns kosningu
hlutu þessir atkvæði: Páll Jónasson
18 atkvæði. Árni Sigurðsson Ketu 6 atkv.
Hreppsnefndarmanna kosning féll
þannig: að Jón Sigurjónsson Ási fékk
57 atkvæði. Gísli Magnússon Eyhildar-
holti 29 atkvæði, og Hróbjartur Jónasson
Hamri 29 atkvæði. Páll Jónasson Hró-
arsdal hlaut 28 atkv. og Sigurður Ólafsson
Hárastöðum 28 atkvæði. Sigurður Þórðar-
son Egg 7 atkvæði. Þórarinn Sigur-
jónsson Garði 2 atkv. Magnús
Gunnarsson Utanverðunesi 2 atkv.
Árni Sigurðsson Ketu 1 atkv.
Í skólanefnd voru kosnir: Þórarinn
Sigurjónsson Garði með 32 atkv. og
Þórarinn Jóhannsson Ríp með 29 atkv.
Jón Sigurjónsson Ási hlaut 27 atkv.
Hróbjartur Jónasson Hamri 27 atkv.
Páll Jónasson Hróarsdal 2 atkv.

Einar Guðmundsson Ási 1 atkv.
Magnús Gunnarsson Utanverðunesi 1 atkv.
Gísli Magnússon Eyhildarholti 1 atkv.
Árni Sigurðsson Ketu 2 atkv.
Lýsti kjörstjórn rétt kjörna.

Aðalmann í sýslunefnd Sig. Þórðarson Egg
og varamann Gísla Magnússon Eyhildarh.
Í hreppsnefnd:
Jón Sigurjónsson Ási
Gísla Magnússon Eyhildarholti
og Hróbjart Jónasson Hamri

Í skólanefnd.
Þórarinn Sigurjónsson Garði og
Þórarinn Jóhannsson Ríp

Kosningu var lokið á öllum
nefndum kl. 7.30 og talningu og
bókun kl. 9. og 50 m. e. h.

Fleira ekki tekið fyrir
Kjörfundi slitið

Sigurður Ólafsson. Hárastöðum
Magnús Gunnarsson
Þórarinn Sigurjónsson

## Fundargjörð.

Ár 1938 sunnudaginn 18 Desember var settur og haldinn almennur hreppsfundur að Ríp. Til fundarins var boðað með almennu fundarboði. Fundinn setti oddviti hreppsins, og nefndi hann til ritara Sigurð Ólafsson á Hárastöðum.

Þá var tekið fyrir:

I. Nautgriparæktarfélag Rípurhrepps. Oddviti Gísli Magnússon las upp reikninga félagsins fyrir árin 1934 - 5 - 6 - 7 ásamt athugasemdum ~~ret~~ sinum sem endurskoðanda.

Eftir nokkrar umræður kom fram svohl. tillaga frá Hróbjarti Jónassyni Hamri.

„Fundurinn ákveður að nautgriparæktarfél. Rípurhrepps verði lagt nú niður.

Samþ. með 6:1. atkv.

Þá var kosin kynbóta-nefnd.

Hróbjartur Jónasson með 10 atkv.

Gísli Magnúss. með 9 atkv.

Jón Sigurjónsson með 9 atkv.

Þá kom fram svohljóðandi tillaga frá Sigurði Ólafssyni Hárastöðum.

Fundurinn ályktar og samþykkir að hreppsnefndin geri upp fjárhag félagsins.

Samþ.

II Fjármál.
Oddviti hreppsins skýrði frá ýmsum
[?] kröfum sem hefði komið á hreppinn í vetur.
a. Síldarmjöl. Hann skýrði frá því að
að krafa hefði komið frá ábúðar einkasölu
ríkisins, um ógreitt ½ hluta af síldarmjöls-
pöntun frá árinu 1934. 1100 kr að upphæð.
b. Krafa á Björn Jónssonar Heiðudal
300 kr. sem er nú greidd af honum.
c. Krafa á Merinó Norðvest Co 210 kr.
sem var neitað.
d. Ábyrgðarkrafa frá Hanghús-láni.
Rípur hrepps. um að greiða vexti og
afborganir fyrir þá sem eiga eftir að
greiða af téðu láni. til sveitarsjóðs.
e. Ýmsir reikningar ~~á hreppsnefnd gjalddaga~~
~~falli ekki sitt að greiða~~. engin ályktun
tekin. Málið tekið af dagskrá.
III Fóðurbirgðafélagið.
Oddviti skýrði frá starfsemi félagsins
síðastliðið ár. og fjárhag, en engir
reikningar voru lagðir fram, enda ekki
fullgerðir. af því styrkur frá ríkinu
var ekki kominn.

Framsögumaður málsins bar
fram svohljóðandi tillögu um að allir væru
meðlimir í fóðurbirgðafélagi hreppsins
sem skepnur hefðu undir hendi og var það
borið upp og samþykkt að allir ynnu með
að frádregnu einu atkvæði. (Jóni í Ási.)
IV. Ýms mál.
a Mjólkurflutningar. Hróbjartur Jónasson
Hamri bar fram þetta mál og var það
samþykkt að bjóða út flutningastarfið á
mjólk og öðru, og þar með tekið af dagskrá
b. –
Oddviti skýrði frá héraðsfundi er
haldinn var á Sauðárkróki 19/11 f. m.
um héraðslæknis-starfið og læknisbústaðinn.
og kaupa á honum. Engin ályktun tekin.

Fleira ekki fyrir tekið.
Fundi slitið.

Gísli Magnússon Sigurður Ólafsson
– fundarritari.–

# Fundargjörð

Laugardaginn 15. Apríl 1939 var almennur hreppsfundur haldinn að Rip. Fundinn setti oddviti hreppsins Gísli Magnússon Eyhildarholti og nefndi hann til ritarara Sigurð Ólafsson á Hára-stöðum. — Gjörðir fundarins voru þessar:

I. Fjármál. oddviti las upp síðasta ársreikning sveitarsjóðs Ríparhrepps, ~~og~~ og skýrði hann lið fyrir lið. Eftir nokkrar umræður kom fram yfirlýsing frá Þórarni Sigurjónssyni Garði, um að hann tæki ekki við þóknun — kr — 8.00 átta krónur — fyrir að vera í kjörstjórn Ríparhrepps 31 júlí síðast liðinn við sýslunefndar- ~~og~~ hreppsnefndar- ~~manna~~ og skólanefndar- manna kosningar. enda ekki gerð neinn reikn- fyrir því og gefið öðrum eimbætt og verður það því tekjur sveitarsjóðs fyrir næsta ár. Þá voru reikningarnir bornir upp og samþyktir, án frekari athugasemda.

II. Vegamál. Þá hóf oddviti umræður um vegamál hreppsins; og var þá fyrst til athugunar ~~um~~ hvað gjöra að gera við sýsluveginn fram „nesið" að austan, og var rætt um ýmsar leiðir í því máli. Eftir þær umræður kom fram svo hljóðandi tillögur.

I. Tillaga frá Sæmundi Jónassyni: Hamri —
„Fundurinn lýtur svo á að eftirleiðis verði vegurinn fram nesið að austan ekki stórskemdur með ~~b~~ bifreiðar-umferð, er bleitu ganga, og útvegi hreppsnefndin sér leyfi til þess að setja umferðabann, er hún álýtur þess þörf"

Tillagan borin upp og samþykk með 7 : 4 atkvæðum.

II. Tillaga frá Sigurði Ólafssyni Hárastöðum.
„Fundurinn samþykkir að leggja fram kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — til Miðvegar úr sveitarsjóði fyrir árið 1939. enda komi ekki minna tillag fram úr sýsluvega-sjóði til þessa á þessu ári."

Tillagan borin upp og samþykt samhljóða

III Tillaga frá Sigurði Þórðarsyni Egg.
„Fundurinn skorar á hreppsnefndina að beita sér af alefli fyrir því, við rétta aðila að sýsluvegurinn fram hreppinn að austan verði gerður sem fyrst að þjóðvegi og felur sýslunefndar-manni hreppsins, að fá meðmæli sýslunefndar Skagafjarðarsýslu með máli þessu." Tillagan borin upp og samþ. samhljóða.

IIII. Tillaga frá Gísla Magnússyni Eyhildarholti.
„Fundurinn skorar á sýslunefndar mann hrepps-
ins, að fara fram á ríflegri fjár-upphæð úr sýslu-
sjóði til Miðvegar á vori komandi."
Tillagan borin upp og samþykt samhljóða.

III Þá skýrði eftirlitsmaður fóðurbirgðafélagsins
Gísli Magnússon Eyhildarholti frá ferðum sín-
um og vigt á sauðfé og hirðingu, og taldi
meðferð yfirleitt góða og sumstaðar ágæta en
heybyrgðar litlar, en þó mundu allir komast
af sökum góðrar og hagstæðrar tíðar.
Las hann upp útdrátt úr vigtarskýrslum frá
tveim síðustu ferðum sínum, og skýrði þær
fyrir fundarmönnum og óskaði eftir að fá
í næstu ferð sinni upplýsingar um fóðureyðslu
og kjötvigt á dilkum frá sl. hausti.

IV. Hreppsvegavinna. Þá hóf Páll H. Jónasson
í Hróarsdal máls á því, að nauðsynlegt væri
að vinna meira í vesturveginum sem hrepps-
vega vinnu, heldur en gert hefði verið, og óskaði
eftir að útsvör frá Helludal-Hróarsdal og
Kárastöðum væri lagt í hreppsveginn sem
framlag í viðbót við skyldu hreppsvega-
vinnu dagsverkið. Var máli þessu vel tekið og rætt.

Í þessu máli voru samþyktar eftir-
farandi tillögur

I. Tillaga frá Þórarni Jóhannssyni Ríp og
Sigurði Ólafssyni Kárastöðum.
„Fundurinn samþykkir að leggja fram
1 - eitt - gjafadagsverk á hvern verkfæran
mann í sveitarfélaginu, í vestur-veg, gegn
jafn háu framlagi frá Helludal, Hróarsdal
og Kárastöðum - auk hins lögákveðna
skyldudagsverks.
Tillagan borin upp og samþ. samhljóða.

II Tillaga frá Gísla Magnússyni Eyhildar-
holti og Sigurði Ólafssyni Kárastöðum.
„Fundurinn óskar eftir að hreppsnefndin
beiti sér fyrir því að vegurinn frá Hetu að
Kárastöðum og Hellulandi verði tekinn upp í
sýsluvegatölu og sendi hún erindi um það
fyrir næsta sýslufund Skagafjarðarsýslu
Skorar fundurinn á sýslunefndar-mann
hreppsins að vinna að því af alefli að málið
nái fram að ganga á næsta sýslufundi."
Tillagan borin upp og samþ. samhljóða.

V. Nautgriparæktar-félagið. Oddviti Gísli
Magnússon Eyhildarholti skýrði frá uppgjöri

nautgripa-ræktarfélagsins, og óskaði eftir að bændur greiddu þá reikninga, er þeim voru sendir fyr í vetur og greiðast áttu 30 Marz. sl. um nautstolla frá fyrra ári, og ~~[illegible]~~ áhvílandi eldri nautstollum er ekki hafa greiðst um. Safnaði oddviti greiðsluloforðum, og greiddu þá þegar nokkrir á fundinum..

VI <u>Doðaáhöld</u>. Oddviti hreppsins fór þess á leit ~~[illegible]~~ að hreppurinn keypti „doðaáhöld" er fengjust á Kr. 15.00 – fimmtán krónur – og var samþykt að kaupa þau að þessu sinni og að þau væru höfð til geymslu sem mest miðsveitis.—

VII. <u>Símamál</u>. Þá hreyfði oddviti því hvort einstaklingar væru undirbúnir með að taka einkasíma-málið til framkvæmda nú á næsta vori, eða sumri, þá bar oddviti það upp hverjir óskuðu eftir að fá einkasíma lagðan á næsta sumri að viðhöfðu nafnakalli fékk málið þá afgreiðslu að

já sögðu:

Hróbjartur Jónasson Hamri
Árni Sigurðsson Ketu
Gísli Magnússon Eyhildarholti
Sigurður Ólafsson Kárastöðum
Þórarinn Sigurjónsson Garði
Leó Jónasson Svanavatni
Páll Björnsson Beingarði = 7

já. með þeim fyrirvara að skiftiborð yrði ekki (á ~~Hellulandi~~) í hreppnum.

Sigurður Þórðarson Egg
Páll Jónasson Hróarsdal
Þórarinn Jónasson Hróarsdal
Ólafur Eiríksson Hegrabjargi = 4

Nei sögðu:

Þórarinn Jóhannsson Ríp
Jón Sigurjónsson Ási
Einar Guðmundsson Ási = 3

Þá var kosinn til framkvæmdarstjóra í málinu Páll Jónasson Hróarsdal og var honum falið að senda umsókn til landsímastjóra í símamálinu og óska eftir að hann gerði það sem fyrst.

VIII „Mæðiveikin:" Sigurður Þórðarson á Egg fór þess á leit að menn segðu álit sitt um varnir gegn „mæðiveikinni" og gerðu kröfu um að varðlínu og vörðum væri haldið áfram við Blöndu.– Engin fundarsamþykt gerð.—

IX. Þá gerði Árni Sigurðsson fyrirspurn um hvort hann myndi geta fengið leigða Nautgripafélagsgirðinguna til afnota á næsta sumri. Svaraði Oddviti þessari fyrirspurn með því að hlutaðeigandi yrði að semja við hreppsnefndina um þetta síðar.

X. Varnargirðing. Magnús Gunnarsson í Utanverðunesi hreyfði því máli að nú væri komin krafa á ~~girðingar~~ kostnaði þeim er varð við uppsetta girðingu frá Hiðikleif að Keflavíkurtúni sbr. Fundargjörð 12 júní 1938. Eftir nokkrar umræður kom fram svohljóðandi tillaga:
„Kosin sé þriggja manna nefnd til ráðstöfunar og innheimtu á girðingakostnaðinum og kosnir séu:
Magnús Gunnarsson Utanverðunesi
Jón Sigurjónsson Ási
Leó Jónasson Svanavatni
Tillagan borin upp og samþykkt með 6 atkvæðum gegn engu mótatkvæði.

XI. Fyrirspurn. Sigurður Ólafsson á Hárastöðum gerði fyrirspurn um hvað Kynbótanefnd hefði hugsað fyrir nautahaldi á næstunni. Fyrirspurninni svarði oddviti þannig að ekkert hefði verið gert til ráðstöfunar til þess enn.
Fundargjörðin upplesin og samþykkt
Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið

Gísli Magnússon — fundarstjóri — Sigurður Ólafsson — fundarritari. —

## Fundargerð

Á fundi hreppsnefndar Rípurhrepps, er haldinn var að Egilsholti

Eftirrit.

## Fundargerð.

Á fundi hreppsnefndar Rípurhrepps, er haldinn var að Sauðárkróki, 11. maí 1939, var einróma samþykkt sú ályktun, að hafna kauptilboði á húsi (íbúðarhúsi) Jónasar Kristjánssonar, fyrrv. héraðslæknis, ásamt garði og skúrum innan girðingar, fyrir 25 — tuttugu og fimm — þúsund krónur, enda þótt einhverjar, óljósar líkur kynni að vera fyrir styrk frá því opinbera til kaupanna.

p.t. Sauðárkróki, 11. maí 1939.

Gísli Magnússon. Hróbjartur Jónasson.

Jón Sigurjónsson.

## Fundargjörð

Þann 15. október 1939 var haldinn almennur hreppsfundur að Ríp. Hafði oddviti hreppsins Gísli Magnússon Eyhildarholti boðað til fundarins, og stýrði honum og nefndi til ritara Sigurð Ólafsson Kárastöðum.
Þetta gerðist á fundinum.
I Oddviti las upp fundargerð frá allsherjarfundi forðagæslu og eftirlitsmanna fóðurbirgðafélaga, sem haldinn var á Sauðárkróki 11. þ.m.
Þar sem ákveðið var að gæta hinnar ýtrustu varfærni með ásetning búfjár nú í haust, og ef einhverjir þyrftu að fá fóðurbæti, gæti að útvega hann nú hið fyrsta. — Reifaði oddviti málið nokkuð frekar og vísaði því svo fram til umræðu fyrir fundinn.
Eftir nokkrar umræður voru pantaðar 28 tn. af síldarmjöli, af fundarmönnum þeim er þarna voru staddir.
Þá var óskað eftir því, að eftirlitsmaður fóðurbirgðafélagsins Gísli Magnússon Eyhildarholti færi um hið fyrsta að kynna sér heybirgðir í hreppnum og ásetnings búpenings.

Þá var borin upp of eptirfarandi tillaga
frá Gísla Magnússyni „Fundurinn samþykkir
að um fóðurásetning, verði svo sem kostur er á,
farið eptir reglum þeim, er samþykktar voru
á fundi forðagæslumanna á Sauðárkróki 11. þ.m.
Tillagan samþykkt samhljóða.
Fleira ekki tekið ~~fyrir~~ fyrir. Fundi slitið.

Gísli Magnússon. Sigurður Ólafsson.

## Fundargerð

Ár 1939, þriðjud. 21. nóv. kom hreppsnefnd
Rípurhrepps saman að Hamri, til þess að
taka ákvarðanir um ýms sveitarstjórnarmál,
er fyrir liggja.
Þetta gerðist:

I Kosnir tveir menn í áfengisvarnanefnd til
næstu 4ra ára, í stað Hróbjartar Jónassonar
og Magnúsar Gunnarssonar. Voru þeir báðir
endurkosnir.

II Kosinn skólaeptirlitsmaður í stað Magnúsar
Gunnarssonar. Var hann endurkosinn.

III Úthlutað ellilaunum. – Samkv. tilkynningu
frá Tryggingarst. ríkisins nema vextir af
ellistyrktarsjóði hreppsins þá kr. 140.51,
og hluti hreppsins af 1/4 lífeyrissjóðsframlags-
ins fyrir árið 1940 kr. 13.38 – eða samtals
kr. 153.89

Samþykkt að hreppurinn leggi fram
til viðbótar þessari upphæð kr. 116.11 og
kemur þá alls til úthlutunar kr. 270.00

Hreppsnefndinni höfðu borist 6 umsóknir
um ellilaun, og var hún á einu máli, um
að taka þær allar til greina.

Fór úthlutun fram sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Jósteinn Jónasson | Svanavatni | kr. | 100.00 |
| Guðrún Jónsdóttir | Ási | — | 60.00 |
| Guðrún Jónsdóttir | Beingarði | — | 30.00 |
| Sigurbjörg Jónsdóttir, | Kárastöðum | — | 30.00 |
| Helgi Pétursson, | Eyhildarholti | — | 25.00 |
| Gunnar Ólafsson | Keflavík | — | 25.00 |
| | | Alls kr. | 270.00 |

Fleira ekki. Fundi slitið.

## Fundargjörð

Þriðjudaginn 26 Marz 1940 var haldinn almennur hreppsfundur að Ríp. Fundinn setti oddviti hreppsins Gísli Magnússon Eyhildarholti og nefndi hann til ritara Sigurð Ólafsson á Kárastöðum. Gjörðir fundarins voru þessar:

I. Oddviti hreppsins las upp síðasta reikning sveitarsjóðs (1939) og skýrði frá ýmsum tekju og gjaldaliðum sveitarsjóðsins. Voru reikningarnir ræddir og bornir svo upp og samþykktir.

II. Vegamál. Þá hóf oddviti máls á því hvað væri hægt að leggja fram af fé til vegamála hreppsins á næsta vori. Eftir nokkrar umræður kom fram svohljóðandi tillaga frá Hróbjarti Jónassyni Hamri. „Almennur hreppsfundur samþykkir að hreppurinn leggi til ~~[illegible] [illegible]~~ sýsluvegar hreppsins kr. 1000.00 árið 1940.

Þá kom fram aukatillaga frá Ólafi Sigurðssyni á Hellulandi svohljóðandi: „Í stað kr. 1000.00 komi kr. 500.00 enda komi álíka ~~[illegible]~~ upphæð annarstaðar að." Aukatillagan borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum gegn 6. og þarmeð var aðaltillagan fallin.

III Mæðiveikisgirðing á Borgarskógum.
Oddviti hóf máls á því hvort menn óskuðu að mæðiveikigirðingin á Borgarskógum yrði aflögð og var fundurinn því mótfallinn með þorra atkvæða gegn einu.

IV. Þá hóf oddviti máls á því að nauðsynlegt væri, að menn byggju um hey sín svo að þau væru örugg fyrir skepnum að vetrinum og beindi þeirri ósk til sýslunefndarmannsins að hann flytti erindi um það fyrir sýslunefnd. og vænti þess að þar yrðu settar reglur um málið. Engin samþykkt tillaga.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið. —

Gísli Magnússon. Sigurður Ólafsson
— fundarritari —

## Fundargerð. 1940

Hinn 9. dag nóvembermán. kom hreppsn. Rípurhr. saman að Ríp.

Þetta gerðist:

1. Tekin ákvörðun um Ellistyrk. Skv. tilk. frá Tryggingarst. ríkisins koma til úthlutunar frá henni kr. 152.25. Samþ. að úthluta úr sveitarsjóði kr. 200.00, og koma þá til úthlutunar alls kr. 352.25, til 8 styrkþega.

Fór úthlutun fram sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Helgi Pétursson | kr. | 30.00 |
| Sigurbjörg Jónsd. | — | 30.00 |
| Gunnar Ólafsson | — | 25.00 |
| Guðrún Jónsd. Ríp | — | 62.25 |
| Guðrún Jónsd. Being. | — | 30.00 |
| Jóhanna Jónasson | — | 100.00 |
| Jón Ólafsson | — | 30.00 |
| Jóhanna Helgad. | — | 45.00 |
| Saml. | kr. | 352.25 |

Fleira ekki.

Gísli Magnússon. Hróbjartur Jónasson

Jón Sigurjónsson

Fundargjörð

Þann 22 Nóvember 1940 var settur og haldinn almennur hreppsfundur að Ríp. Til fundarins hafði boðað oddviti hreppsins Gísli Magnússon Eyhildarholti og stjórnaði honum, og nefndi hann til ritara Sigurð Ólafsson á Hárastöðum.-

Gjörðir fundarins voru þessar:

I. Fóðurbirgðafélagsfundur. Gaf oddviti yfirlit yfir skepnufjölda og fóðurbirgðir, og sýndist ásetningur hjá almenningi vera góður. Þá las hann upp reikninga félagsins fyrir 2 síðastliðin 2 ár, og fór svo nokkrum orðum um félagsstarfið - og eftirlitsstarfið sem hann hefir haft undanfarin 2 ár. Voru reikningar félagsins bornir upp og samþykktir athugasemdalaust. Þá lagði eftirlitsmaður fram skýrslur um þunga á sauðfénu - hrútum lömbum og ám - og afurðaskýrslur ~~um~~ ánna -. Urðu umræður um málið og voru menn mjög ánægðir um árangur af félagsskapnum og starfi eftirlitsins að þessu. — Þá voru kosnir í stjórn fél.

Þórarinn Jóhannsson Ríp 9 atkv.
Gísli Magnússon Eyhildarh. 8 —
Hróbjartur Jónasson Hamri 8 —

Endurskoðendur reikninga félagsins voru kosnir:
Sigurður Ólafsson Hárastöðum 9 atkv.
Ólafur Sigurðsson Hellulandi 4 —
Málið þar með tekið af dagskrá. —

II. Þá hóf oddviti máls á því að enn stæðu eftir ógreiddir nautstollar frá nautgripa.ræktarfélag Rípurhrepps. og óskaði eftir að þeir yrðu greiddir svo hægt væri að gera upp fjárhag félagsins.-

Fundargjörðin upplesin og samþykkt.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Gísli Magn. Sigurður Ólafsson
— fundarritari.—

# Fundargjörð.

Laugardaginn 17. Maí 1941. var haldinn almennur
hreppsfundur að Ríp. Fundinn setti oddviti hrepps-
ins Gísli Magnússon Eyhildarholti og nefndi hann
til ritara Sigurð Ólafsson á Hárastöðum.
Gjörðir fundarins voru þessar:
I. Reikningar. Oddviti lagði fram og las upp endur-
skoðaðan reikning sveitarsjóðs hreppsins fyrir árið
1940. Urðu litlar umræður um reikninganna og
málið þar með tekið af dagskrá.
II. Vegamál. Þá hóf oddviti máls um vegamál
hreppsins og fjárframlag til hans þetta vor, og
voru svo umræður um það; Undir umræðunum
komu fram upplýsingar frá sýslunefndarmann-
inum þess efnis að hreppsnefndin léti ~~[illegible]~~ -
~~[illegible]~~ ondla hreppsvegina í hreppnum nú í vor
ásamt tillögum um hvað af þeim skyldi teljast
sýsluvegi í framtíðinni. - Þá kom fram svo-
hljóðandi tillaga frá Oddvita:
: Fundurinn ályktar að veita Kr. 700.-úr sveitarsjóði
til sýsluvegarins í hreppnum á þessu vori, enda
komi að minnsta kosti jafnhátt framlag annars-
staðar frá. - Ennfremur samþykkti fundur að
láta vinna fyrir, að minnsta kosti Kr 200; 00
af ofannefndu framlagi sveitarsjóðs í Vesturvegi".
- Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða. -
III. Reikningar Fóðurbirgðafélagsins. Formaður Gísli
Magnússon Eyhildarholti las upp endurskoðaða
reikninga félagsins og lagði fram skýrslur
yfir vigt sauðfjárins á síðastliðnum vetri. -
Reikningarnir bornir upp og samþykktir samhljóða.
IV. Reikningar Lestrarfélagsins. Formaður Gísli
Magnússon Eyhildarholti las upp endurskoð-
aða reikninga „Lestrarfélagsins" fyrir árin 1939 -
1940 - 1941. Reikningarnir samþykktir.
V. Kosningar. a. Kosnir voru tveir menn í stjórn
Fóðurbirgðafélagsins, og hlutu kosningu:
Hróbjartur Jónasson Hamri fékk 14 atkvæði
og Þórarinn Jóhannsson Ríp fékk 9 atkvæði.
En þriðji maður verður skipaður af hrepps-
nefndinni til að taka sæti í stjórninni.
b. Kosnir voru þrír menn í stjórn „Lestrarfél-
agsins" og hlutu kosningu:
Sigmar Hróbjartsson Hamri með 18 atkv.
Gísli Magnússon Eyhildarholti með 14 atkv.
Jónas Pálsson Beingarði með 13 atkvæðum. -
Fundargjörðin upplesin og samþykkt.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Sigurður Ólafsson
- fundarritari. -

1941

Hinn 2. d. júnímán. hélt hreppsn. Rípurhr. fund með sér í Eyhildarholti, og hafði oddviti boðað til fundarins.

Þetta gerðist:

1. Tilnefndir úttektarmenn til 6 næstu ára. Óskað að sýslumaður skipi sem aðalúttektarmann: Gísla Magnússon, Eyhildarholti, og varaúttektarmenn þá: Þórarinn Sigurjónsson, Garði og Hróbjart Jónasson, Hamri.
2. Kjörnir sáttanefndarmenn til 4 ára:
   a. Aðalmenn: Magnús Gunnarsson, Utanverðunesi, Sigurður Ólafsson, Kárastöðum.
   b. Varamenn: Hróbjartur Jónasson, Hamri, Jón Sigurjónsson, Ási.
3. Kosinn 1 maður í stjórn Fóðurbirgðafél. Rípurhr. Kjörinn var Þórarinn Sigurjónsson, Garði, með 2 atkv. gegn 1.

Hróbjarti Jónassyni falið að kalla ~~saman~~ stjórn Fóðurbirgðafél. saman á fund ~~innan langs tíma~~ sem fyrst.

1

## Fundargerð.

Hinn 30. d. nóvembermán. 1941 kom hreppsnefnd Rípurhr. saman á fund að Hamri.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Samkv. símskeyti frá Tryggingarstofnun ríkisins, meðteknu í dag, eru vextir ellistyrktarsjóðs á þessu ári, að viðbættu framlagi Tryggingarstofnunarinnar til úthlutunar í I. flokki kr. 153.58.

Umsóknir um ellistyrk og örorku höfðu borist frá 8 styrkbeiðendum. Voru þær allar teknar til greina, og samþykkt að leggja fram úr sveitarsjóði kr. 281.42, til viðbótar við ofangreinda upphæð. Koma þá til úthlutunar alls kr. 435.00

Till. úthlutun þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Helgi Pétursson, | Eyhildarholti | kr. | 35.00 |
| Jón Ólafsson, | Helluland | — | 50.00 |
| Jónasína Helgad., | — " — (örorka) | — | 50.00 |
| Sigurbjörg Jónsd., | Kárastöðum | — | 35.00 |
| Gunnar Ólafsson, | Keflavík | — | 30.00 |
| Guðrún Jónsdóttir, | Ási | — | 75.00 |
| Guðrún Jónsdóttir, | Beingarði | — | 35.00 |
| Jóhann Jónasson, | Svanavatni | — | 125.00 |
| | | Samt. kr. | 435.00 |

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Gísli Magnússon

## Fundargerð.

Hinn 3. ágúst 1941 kom hreppsnefnd Rípurhr. saman að Eyhildarholti til að jafna niður aukaútsvörum á gjaldendur hreppsins.

Jafnað var niður kr. 4478.05 á 57 gjaldendur. Var niðurjöfnun hagað þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Á brúttótekjur var lagt | | 0.5% | (veltugjald). |
| – nettó –"– | – – | 5% | (tekjugjald). |
| – skuldl. eign | – – | 4.5‰ | (eignagjald). |

Að lokinni niðurjöfnun útsvara jafnaði hreppsn. niður hreppsvegavinnu í hreppnum.

Gísli Magnússon

## Fundargerð.

Miðvikudaginn 11. dag febrúarmán. 1942 kom hreppsnefnd Rípurhr. saman að Eyhildarholti til þess að ~~tag~~ ganga frá sveitarsjóðsreikningi ársins 1941.

| | |
|---|---|
| Voru niðurstöðutölur tekna og gjalda kr. | 5956.03 |
| Skuldlaus eign í árslok 1941 – | 8024.97 |
| Í sjóði til næsta árs – – – – | 2306.08 |

Þá tók nefndin að gera upp til fullnustu fjárhag Nautgriparæktarfélags Rípurhrepps, og var Sigurður Ólafsson á Kárastöðum nefndinni til aðstoðar við það starf.

Var lokið við uppgjörðina, og gjaldkera hreppsins falið að innheimta útistandandi skuldir Nautgriparæktarfélagsins. —

Nefndin samþykkti að lækka útsvar Margrétar Gunnarsdóttur, Keflavík, um 10 kr., – úr kr. 25.00 niður í kr. 15.00.

Gísli Magnússon

## Fundargerð. 1942

Hinn 8. dag marzmán. ~~[illegible]~~ var hreppsnefndarfundur haldinn að Ríp að tilhlutan oddvita.

Þetta gerðist:

1. Kosinn hreppsfulltrúi til þess að safna skýrslum um tjón af mæðiveiki, svo og sjá um merkingu á sauðfé samkv. fyrirmælum sauðfjársjúkdómanefndar.
   Kosinn var Gísli Magnússon, Eyhildarholti.
2. Kosnir 2 menn til eins árs í kjörstjórn við alþingiskosningar. Kosnir voru:
   Hróbjartur Jónasson, Hamri,
   Sigurður Þórðarson, Egg.
   Til vara: Þórarinn Jónasson, Hróarsdal.
3. Kosnir 3 menn til eins árs í kjörstjórn við sveitarstjórnakosningar. Kosnir voru:
   Þórarinn Sigurjónsson, Garði,
   Magnús Gunnarsson, Utanverðunesi,
   Magnús H. Gíslason, yngri, Eyhildarholti.
   Til vara: Sigurður Jónasson, Hróarsdal.

Gísli Magnússon.

## Fundargjörð

Laugardaginn 21 Marz 1942 var settur og haldinn almennur hreppsfundur að Ríp.
Fundinn setti oddviti hreppsins hr. Gísli Magnússon að Eyhildarholti og nefndi hann til ritara Sigurð Ólafsson að Kárastöðum.
Gjörðir fundarins voru þessar:

I. Oddviti las upp sveitar~~sjóðs~~ reikning Rípurhrepps fyrir árið 1941. og skýrði frá einstökum liðum hans. Voru litlar umræður um reikningana og þeir teknir af dagskrá.

II. Vegamál. Oddviti hreppsins hóf máls á því að nú bæri að ákveða framlag sveitarsjóðs til vegamála, til að leggja fram fyrir næsta sýslufund, á móti væntanlegum ríkissjóðsstyrk.
Eftir nokkrar umræður kom fram svohljóðandi tillaga frá Sigurði Ólafssyni á Kárastöðum:
„Fundurinn ályktar að veita kr. 1000.00 úr sveitarsjóði á þessu ári til sýsluvegarins í hreppnum enda komi að minnsta kosti jafnhátt framlag annarsstaðar frá. – Enn fremur samþykkir fundurinn að láta vinna fyrir að minnsta kosti 200.00 af ofannefndu framlagi sveitarsjóðs í vestur vegi“.

Breytingartillaga frá Sigurði Þórðarsyni á Egg „í stað 1000.00 komi 1200.00“.
Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
Þá kom fram svohljóðandi tillaga frá Þór-arni Jónassyni í Hróarsdal.
„Almennur hreppsfundur á Ríp 21 Marz 1942 samþykkir að skora á sýslunefnd að taka veginn frá Kárastöðum um Helluland út á Hegranesbraut uppí tölu sýsluvega“.
Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
III. Símamál. Þá hreyfði oddviti hreppsins síma-máli til einkanota um hreppinn og skýrði fund-inum frá viðtali sínu við landsímastjóra, um málið, og taldi líkur á að síminn myndi fást lagður á næstu árum t.d. eftir tvö ár fyrir ákveðið gjald frá hverju heimili í eitt skifti fyrir öll.
Engin sérstök tillaga kom fram um málið að þessu sinni og það tekið af dagskrá.
IV. Lestrarfélagið. Formaður Lestrarfélagsins Gísli Magnússon í Eyhildarholti las upp ágrip af reikningum Lestrarfélagsins fyrir s.l. ár og lagði fram skýrslu yfir keyptar bækur frá því síðasti fundur fór fram.
Þá fór formaður fram á að breyta reikningsári félagsins ~~úr því~~ „úr almanaksári“ í „fardagaár“ sbr. 13.gr. félagslaganna, og að „aðalfundur sé haldinn í „Júní-mánuði“ í stað „janúar-mánað-ar“ sbr. 11.gr. félagslaganna.
Þessar lagabreytingar samþykktar samhljóða. og málið þar með tekið af dagskrá.
V. Þá óskaði oddviti eftir að haldnar yrðu „Eld-húsdags-umræður“ um störf hreppsnefndarinnar síðasta kjörtímabil, þar sem þetta myndi verða síðasti hreppsfundur sem núverandi hrepps-nefnd myndi halda fyrir næsta kjörtímabil. Reifaði hann málið, og vísaði því svo fram til umræðu fyrir fundinn.
Urðu nokkrar umræður um ~~málin~~ störf hrepps-nefndarinnar, sérstaklega útsvarsálagningu, fræðslukostnað, nautgriparæktarfélagið og Síldarmálið frá 1934. auk fleiri mála.
Svo sem fjölgun hreppsnefndarmanna úr 3 uppí 5 og beindi Sigurður Ólafsson á Kárastöðum þeirri ósk til hreppsnefndarinnar að hún taki það til athugunar fyrir næsta sýslufund.
VI Hrossaræktarfélag. Sigurður Ólafsson á Kára-stöðum hreyfði því að nú í vor myndi vera þörf fyrir að halda dýrbóta kost til afnota

og ~~[illegible]~~ gat þess að nú væri völ á kynbóta hest, ~~og~~ hjá Birni Skúlasyni á Sauðárkróki til leigu á félagssvæðinu.

VII. Hróbjartur Jónasson las upp afrit af bréfi frá honum, til ráðunauts Páls Zophoníassonar áhrærandi Nautgriparæktun.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið.
Gísli Magnússon. Sigurður Ólafsson
- fundarritari -

Í tilefni af ósk Sigurðar Ólafssonar á Kárastöðum um að hreppsnefnd taki til athugunar hvort eigi ~~væri~~ þætti rétt að fjölga hreppsnefndarmönnum úr 3 í 5, hélt hreppsnefndin fund að afgengnum hreppsfundi loknum til þess að athuga það mál. ~~Nefndin getur eptir atvikum, fallist á,~~ Meiri hluti nefndarinnar getur, eptir atvikum, fallist á að mæla með því, að fjölgað verði í hreppsnefndinni um 2 menn.
~~Hróbjartur Jónasson~~ Jón Sigurjónsson Gísli Magnússon.

Ár 1942, hinn 12. dag júlímán., fóru kosningar á 5 aðalmönnum og jafnmörgum varamönnum í hreppsnefnd Rípurhrepps, 1 aðalmanni og 1 varamanni í sýslunefnd og 2 aðalmönnum og 1 varamanni í skólanefnd.
Kosningin hafði áður verið auglýst með lögmætum fyrirvara.
Allir kjörstjórnarmenn (aðalmenn) voru mættir. ~~Ko~~ Komið hafði á sínum tíma fram ósk um að kosið væri hlutbundinni kosningu í hreppsnefnd og sýslunefnd, og höfðu kjörstjórn komið 2 listar til hvorrar kosningarinnar um sig, merktir A og B.
Á A-lista til hreppsn. kosninga stóðu þessi nöfn í þessari röð:

Gísli Magnússon,
Jón Sigurjónsson,
Sigurður Ólafsson,
Leó Jónasson,
Árni Sigurðsson,
Björn Sigurjónsson,
Magnús H. Gíslason, yngri,
Björn Jóhannsson,
Sæmundur Jónasson,
Páll Björnsson,

Var þessi listi borinn fram af Framsóknarmönnum
Á B-lista, sem, sem Sjálfstæðismenn og óháðir stóðu að,
eru þessi nöfn:

Páll Jónasson,
Magnús Gunnarsson,
Björn Jónasson,
Sigurður Jónasson,
Árni Gunnarsson,
Sigurður Helgason.

Á A-lista, lista Framsóknarmanna við sýslunefndarkosningar, stóðu þessi nöfn:

Aðalmaður:
Gísli Magnússon.
Varamaður:
Ólafur Sigurðsson

Á B-lista, lista Sjálfstæðismanna og óháðra við sýslunefndarkosningar, stóðu þessi nöfn:

Aðalmaður:
Sigurður Þórðarson,
Varamaður: Páll Jónasson.

Eftirfarandi utankjörfundaratkvæði höfðu borist:

Til hreppsnefndarkjörs:

| | |
|---|---|
| Jóhanna Helgadóttir | nr 7035, |
| Aquilína Jónsdóttir | " 6777, |
| Hallfríður Gunnarsdóttir | " 7094, |
| Sigurður Helgason | " 7090, |
| Ívar Einarsson | " 7041, |
| Pálína Jónsdóttir | " 7046, |
| Sigurður Jónasson | " 14943, |
| Halldóra Ísaksdóttir | " 6590, |
| Páll Jónasson | " 4033, |
| Helga Guttormsdóttir | " 6588, |
| Björn Jónsson | " 6587, |
| Guðjón Einarsson | " 7043, |
| Karl Magnússon | " 8569, |
| Bergsveinn Jónsson | " 12003 |
| Sigurður Þórðarson | " 7050 |
| Kristbjörg Guðmundsdóttir | " 7028 |
| Guðmundur Ólafsson | " 7030 |

Eftirfarandi menn hlutu fundaratkvæði
höfðu borist:

Til sýslunefndar:

| | | |
|---|---|---|
| Lárus Einarsson | atkv. | 7042 |
| Pálína Jónsdóttir | " | 7047 |
| Hallfríður Gunnarsdóttir | " | 7095 |
| Sigurður Helgason | " | 7091 |
| Jóhanna Helgadóttir | " | 7036 |
| Ingibjörg Jónsdóttir | " | 6778 |
| Halldóra Ívarsdóttir | " | 6591 |
| Páll Jóhannesson | " | 4853 |
| Helga Guðmundsdóttir | " | 6589 |
| Björn Jónsson | " | 6587 |
| Gestur Einarsson | " | 7044 |
| Karl Magnússon | " | 8572 |
| Þorgrímur Jónsson | " | 14606 |
| Sigurður Jóhannesson | " | 13916 |
| Sigurður Þórðarson | " | 7087 |
| Ragnhildur Guðmundsd. | " | 7029 |
| Guðmundur Hafsson | " | 7031 |

Kjörfundur var settur kl. 1½ á h.d. og stóð til kl. 8 eða í 6½ klst. Kjörseðlar voru að tölu til: til sýslunefndar 92 – til hreppsnefndar 95. Auk hreppsnefndar- og sýslunefndarkjörs fór fram óhlutbundin kosning á 2 aðalmönnum og einum varamanni í skólanefnd.

Eftirtaldir kjósendur óskuðu eftir aðstoð við kosninguna og var veitt hún:

Helgi Pétursson,
Guðrún Jónsdóttir Bungarði.
Ingibjörg Jóhannsdóttir Lárustöðum
Guðrún Jónsdóttir [?]
Katrín Guðmundsdóttir [?]

Á kjörskrá voru 77 og neyttu 48 kosningaréttar síns. Ógild atkvæði voru 1. Afgangur af kjörseðlum til sýslunefndar voru 44 stykki en af kjörseðlum til hreppsnefndar 48 stykki.

Úrslit kosninganna urðu þessi:
Hreppsnefndarkjör: A-listi 29 og B-26.
Kosningu hlutu:

Af A-lista:
Gísli Magnússon með 38 4/5 atkv.
Jón Sigurjónsson – – 35 1/10 –

Leó Jónasson með 29½ atkv.

Af B-lista:

Páll Jónasson með 26 atkv.

Magnús Gunnarsson - 24 2/5 -

Varamenn af A-lista:

Ólafur Sigurðsson - 20 atkv.

Þórarinn Sigurjónsson - 23/5 -

Sig. Ólafsson - 17 7/10 -

Varamenn af B-lista:

Þórarinn Jónasson - 20 4/5 -

Sigurður Jónasson - 18 1/5 -

Sýslunefndarkjör A-listi 35 atkv og kosningu hlaut Gísli Magnússon sem aðalmaður og Ólafur Sigurðsson varam.

B-listi hlaut 29 atkv.

Einn seðill var auður.

Í skólanefnd hlutu kosningu

Aðalmenn: Ragnheiður Konráðsd. 24 atkv.

Jón Sigurjónsson - 18 -

Varamaður: Þórarinn Jóhannsson - 13 -

Fleira ekki fyrir tekið og kjörfundi slitið.

Í kjörstjórn sveitarstjórnarkosninga

Magnús H. Gíslason

Magnús Gunnarsson — Þórarinn Sigurjónsson

# Fundargerð.

Hinn 26. dag júlímán. 1946 kom hin nýkjörna hreppsnefnd saman að Eyhildarholti, samkv. venjulegu fundarboði.

Magnús Gunnarsson var ekki mættur, og í stað Páls Jónassonar, sem er fjarverandi, mætti varamaður hans, Þórarinn Jónasson.

Svo var til ætlazt, að hreppsnefndin skipti með sér verkum á þessum fundi, en með því að einn aðalmanninn vantaði á fund, kom fram ósk um það, frá Jóni Sigurjónssyni, að fundinum yrði frestað til næsta sunnudags.

Sunnud. 2. ágúst kom hreppsnefndin aftur saman að [illegible], og var þá fundinum fram haldið. Voru nú allir aðalmenn mættir að undanteknum Páli Jónassyni, en í hans stað mætti Þórarinn Jónasson.

Var nú gengið til dagskrár, og kosinn hreppsnefndaroddviti. Kosinn var Gísli Magnússon með 3 atkv. Leó Jónasson fékk 1 atkv. og 1 seðill auður. Þá var gengið til kosninga á varaoddvita, en með því að þeir Jón í Ási og Magnús í Nesi fengu jöfn atkvæði, sín 2 hvor, var kosið á milli þeirra. Hlaut ~~hann~~ Jón 3 atkv., og var því rétt kjörinn

varaoddviti. Magnús í Nesi hlaut 1 atkvæði og 1 seðill var auður.

Gjaldkeri var kosinn Jón Sigurjónsson með 4 atkv., og fjallskilastjóri sami maður með 3 atkv.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Gísli Magnússon, Jón Sigurjónsson
Magnús Gunnarsson Leó Jónasson
Þórarinn Jónasson

Fundargerð.

Hinn 10. okt. 1942 kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman að Eyhildarholti til þess að jafna niður útsvörum.

Álagningunni var þannig hagað, að á brúttó-tekjur var lagt 0.2%, á skuldlausa eign 4‰, og á nettótekjur, að frádregnu ómagaframfæri, sem ákveðið var 600 kr fyrir ómaga, 2% hjá bændum og 1% hjá öðrum.

Að niðurjöfnun lokinni var kosið í kjörstjórn við alþingiskosningar þær, er ákveðnar eru 18. og 19. þ.m. Kosnir voru aðalmenn:

Ólafur Sigurðsson og
Hróbjartur Jónasson.

Varamenn:

Jón Sigurjónsson og
Þórarinn Jónasson.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Gísli Magnússon, Jón Sigurjónsson
Magnús Gunnarsson Leó Jónasson
Þórarinn Jónasson

Hinn 22. dag októbermán. kom hreppsnefnd Rípurhr. saman á Sauðárkróki til þess að sjá um og senda greiðslu fyrir vörubifreið, er hreppsnefndin hafði ákveðið að kaupa. Tók hreppsnefndin víxillán í Sparisjóði Sk. að upphæð kr. 18[illegible].00 — átján þúsund tvö hundruð og fimmtíu krónur —, til þriggja mánaða, í téðum tilgangi. Var oddviti samþykkjandi víxilsins, en gjaldkeri útgefandi og aðrir nefndarmenn ábekingar. Var síðan upphæðin send samdægurs með símaávísun Steingr. Steinþórssyni búnaðarmálastjóra.

Gísli Magnússon.

## Fundargerð. 1942

Hinn 24. d. októbermán. kom hreppsnefnd Rípurhr. saman í Ási.

Þetta gerðist:

1. Úthlutun ellilauna. — Frá Tryggingarstofnun ríkisins hafði oddvita borizt tilkynning um, að tillag það til ellilauna, er hreppurinn fengi þaðan, myndi nema kr. 151.42. Samþ., að hreppurinn leggi fram til viðbótar þeirri upphæð kr. 248.58. Koma þá alls til úthlutunar fyrir árið 1943 kr. 400.00

Fjórar umsóknir höfðu hreppsnefndinni borizt, og voru þær allar teknar til greina. Féll úthlutunin þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Gunnar Ólafsson, | Keflavík, | kr. 45.00 |
| Jósteinn Jónasson, | Svanavatni | — 200.00 |
| Guðrún Jónsdóttir, | ~~Ási~~ Beingarði | — 55.00 |
| Guðrún Jónsdóttir, | ~~Beingarði~~ Ási | — 100.00 |
| | Samt. | kr. 400.00 |

2. Með því að ekki vannst tími né tækifæri til að inna af hendi hreppsvegavinnu á s.l. vori né hausti, var ákveðið að vinnunni yrði frestað til næsta vors.

Fundi slitið.

Þórarinn Jónasson

Magnús Gunnarsson

Gísli Magnússon. Jón Sigurjónsson

Leó Jónasson

Fundargjörð

Mánudaginn 2. Nóv. 1942 var settur og haldinn almennur hreppsfundur að Ríp. Auglýstur 28 okt. s.l.
Fundinn setti oddviti hreppsins Gísli Magnússon í Eyhildarholti; og nefndi hann til ritara Sigurð Ólafsson á Kárastöðum.

Gjörðir fundarins voru þessar:

I. Oddviti skýrði fundinum frá bifreiðarkaupum sem hreppsnefndin hafði haft með höndum skv. fundargjörð hreppsnefndar 22. Okt. s.l. sjá hér framar. Gaf oddviti yfirlit yfir kaup á bifreiðinni og kostnað við flutning hennar frá Reykjavík og hingað heim. Þá lagði hann og fram uppkast að reglum og starfstilhögun bifreiðarinnar í framtíðinni; og vísaði svo málinu fram til umræðu fyrir fundarmenn.
Fyrstur tók til máls Hróbjartur Jónasson Hamri: Lagði hann fram uppkast að rektraráætlun er hann hafði gjört; fyrir bifreiðina (K. 38.) og taldist ræðumanni svo til að útgjöld (vextir og afborgun- skattar og olíur) yrði alt að 38 krónur á ferð; auk kaup bifreiðarstjóra m. m.
Næstur tók til máls Páll H. Jónasson Hróarsdal. Gjörði ræðumaður fyrirspurn til oddvita um það hvort bifreiðin ætti að teljast með öðrum eignum sveitarsjóðs, samkv. skilningi í reglugerðar-uppkastinu.

Þá tók til máls Sigurður Þórðarson í Egg. Lét ræðumaður í ljósi ánægju sína ~~í ljósi ánægja~~ yfir því að bifreiðin hefði verið keypt og taldi nauðsynlegt að hún væri látin bera sig fjárhagslega.
Þá tók Hróbjartur aftur til máls, en ekkert nýtt kom fram í þeirri ræðu hans.
Þá tók oddviti Gísli Magnússon til máls. Lýsti ræðumaður því yfir að hin skoðun væri að bifreiðin væri sameign hreppsbúa, en allur rekstur hennar og greiðslur væru óviðkomandi sveitarsjóði, og stæði hún sjálf straum af kostnaði þeim sem væntanlega yrði.
- Sigurður Þórðarson á Egg tók þá til máls og benti á að lána mætti öðrum bílum ef svo stæði á að það kæmi ekki í bága við reksturinn „heima fyrir."
- Hróbjartur Jónasson var því mótfallinn að bifreiðin yrði lánuð til flutninga utan sveitar.
- Ólafur Sigurðsson á Hellulandi tók til máls. Hann taldi nauðsynlegt að ~~hætta~~ bifreiðin yrði látin vinna eins mikið „út á við" og hægt væri til að ná upp kostnaði nú strax meðan hágengi væri á peningum, til þess að ~~að~~ eiga ekki eins á hættu fjárhagslega er peningar félli í verði.

- Sigurður Jónasson í Hróarsdal tók til máls og taldi nauðsynlegt að greiða bifreiðina sem fyrst meðan almenningur hefði nóga peninga í vörslum sínum.
- Páll Jónasson tók til máls og óskaði ræðumaður eftir að sérstakri nefnd yrði falið að fara með rekstur og reikningsskil, og yrði það óviðkomandi störfum hreppsnefndar.
- Hróbjartur Jónasson tók til máls og taldi sjálfsagt að hreppsnefndin hefði reksturinn með höndum.-
- Sig. Þórðarson tók til máls og studdi tillögu Hróbjartar um stjórnarnefndina.
- Gísli Magnússon tók til máls og lýsti sömu skoðun sinni um stjórnarnefndina og Hróbj.
- Hróbjartur Jónasson tók til máls og var því mótfallinn að bifreiðin yrði látin vinna við keyrslu út á við.
- Páll Jónasson tók til máls og lýsti sömu skoðun sinni með stjórnarnefndar skipun sinni þeirri sömu og í fyrri ræðu hans.
- Páll Sigurðsson í Keldudal tók til máls og taldi sjálfsagt að hreppsnefndin hefði reksturinn með höndum, ef hún vildi vinna það verk.

Þá tók til máls Gísli Magnússon oddviti. Flutti hann og svohljóðandi tillögu.
„Fundurinn lítur svo á að Keppa beri að því að greiða bifreiðina á sem skemstum tíma, þó svo, að fyllstu varúðar sé gætt um meðferð hennar alls".
Þá bar oddviti upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða með 14 atkvæðum.
Þá las oddviti Gísli Magnússon upp; uppkast að reglum fyrir bifreiðina K.38. grein fyrir grein og voru þær samþyktar samhljóða með öllum atkv. og var málið þar með tekið af dagskrá.

II. Lestrarfélagið.
Oddviti Gísli Magnússon las upp endurskoðaða reikninga „Lestrarfélags Rípurhrepps" fyrir árið 1941. Voru reikningarnir samþyktir án athugasemda.

Fleira ekki fyrirtekið.

Sigurður Ólafsson
- fundarritari. -

## Fundargerð.

Að loknum fundi þeim, er áður getur, hélt hreppsnefnd fund til frekari ákvarðana um bílinn.

Samþ. að bjóða út bifreiðarstjórastarfið á bifr. K. 38., og frestur til að gera tilboð gefinn til 10. þ. m.

Sigurður í Stóradal ráðinn til að vera með bílinn til 10. þ. m., gegn 30 % af innkeyrðu gjaldi í kaup. — Fleira ekki.

Gísli Magnússon. Magnús Gunnarsson

Jón Sigurjónsson Leó Jónasson

Páll Jónasson

## Fundargerð.

Miðvikud. 11. nóv. kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman á fund á Sauðárkróki.

Þetta gerðist:

1. Sigurmon Hartmannsson, Kolkuósi, mætti á fundinum. Fór hann þess á leit, f. h. hreppsnefndar Viðvíkurhrepps, að fá keypta hálfa bifreiðina K. 38. Taldi nefndin sig ekki hafa neina heimild til að selja bifreiðina.
2. Opnuð tilboð um ~~t~~ að taka að sér stjórn á bifreiðinni K. 38, sbr. fundargerð ~~fr~~ hér að framan. Aðeins eitt tilboð hafði borist. Var það frá Sveini Gíslasyni og Ingimundi Árnasyni. Hljóðaði tilboðið upp á það, að ráðningartíminn sé ákveðinn til loka aprílmán. 1943, og kaupið 25 % af öllum flutnings- og fargjöldum yfir ráðningartímann. — Samþ. að taka þessu tilboði.
3. Ákveðið, að oddviti hefði fyrst um sinn með höndum bókhald bifreiðarinnar.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Gísli Magnússon. Magnús Gunnarsson

Jón Sigurjónsson Leó Jónasson

## Fundargerð.

Laugard. 5. des. 1942 kom hreppsnefnd saman í Utanverðunesi. Allir hreppsnefndarmenn mættu á fundinum að undanskildum Páli Jónassyni. Í hans stað mætti varamaður hans, Þórarinn Jónasson.

Verkefni fundarins var að ákveða flutningsgjöld og fargjöld með bifr. K. 38. Ákvörðun nefndin gjörði sem hér segir, og gildir sú ákvörðun fyrst um sinn, unz önnur gjaldskrá verður ákveðin:

Fyrir einstakar ferðir frá Sauðárkr. til eftirgreindra bæja:

| | |
|---|---|
| Utanverðunesi | kr. 15.00 |
| Hellulandi (heim), Keflav., Garður | — 25.00 |
| Svanavatn, Hegrabjarg, Ás(heim 35.00) | 30.00 |
| Beingarði | — 35.00 |
| Ríp (heim), Hamar, Keta | — 40.00 |
| Egg, Keldudalur | — 45.00 |
| Eyhildarholt, Hrossatangi | — 50.00 |

Fyrir hvern hestburð af flutningi til og frá Sauðárkróki:

| | |
|---|---|
| Utanverðunesi á afleggjara | kr. 0.75 |
| —"— heim | — 1.00 |
| Hellulandi á afleggjara | kr. 1.00 |
| —"— heim, Keflavík, Garður | — 1.50 |
| Svanavatn, Hegrabjarg, Ási | — 2.00 |
| Beingarði, Ríp | — 2.50 |
| Ríp (heim), Hamar, Keta | — 2.75 |
| Egg, Keldudalur | — 3.00 |
| Eyhildarholt, Hrossatangi | — 3.50 |

Fargjald fyrir mann ákveðið hið sama og 1 hestburð af vörum (þ. e. heim og heiman).

Tillaga kom fram um að ákveða flutningsgjald fyrir mjólk jafnt í öllum hreppnum. Var tillagan felld með 3 atkv. gegn 2. Að því búnu var flutningsgjaldið ákveðið þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Frá Hellulandi | 3 au. | pr. líter |
| " Garði | 4 " | " —"— |
| - Svanav. Hegrabj. | 5 - | - —"— |
| - Ási, Being. | 5 - | - —"— |
| - Ríp, Hamri, Keti | 6 - | - —"— |
| - Egg, Keldudal | 6½ - | - —"— |

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Gísli Magnússon. Jón Sigurðsson

Þórarinn Jónasson Magnús Gunnarsson

Leó Jónasson

## Fundargerð.

Miðvikud. 13. janúar 1943 hélt hreppsnefnd fund í Eyhildarholti. Allir hreppsnefndarmenn voru mættir á fundinum.

Þetta gerðist:

1. Rætt um rekstur bifreiðarinnar K. 38. Samþ. að hafa flutnings- og fargjöld óbreytt fyrst um sinn frá því, sem verið hefur
2. Rætt um erindi frá sýslumanni viðvíkjandi skiptingu ljósmæðraumdæma. Taldi nefndin heppilegast að Rípurhreppi yrði bætt við umdæmi ljósmóðurinnar á Sauðárkróki, að hreppnum kostnaðarlausu. Oddvita falið að svara erindinu í samræmi við það.
3. Tilnefndir aðalmaður og varamaður í skattanefnd hreppsins til næstu 6 ára frá 1. jan. þ. á. að telja. — Oddviti gat þess, að Sig. Ólafsson á Kárastöðum tæki ekki við endurkjöri sem aðalmaður í skattanefnd.

Tilnefndir voru:

Aðalmaður: Sigurður Þórðsson, Egg. x)

Varamaður: Þórarinn Jóhannsson, Ríp — varð hlutkesti milli hans og Jóns Sigurjónssonar

x) með 3 atkv. Jón Sigurjónsson fékk 2 atkv.

Fleira gerðist ekki fundi slitið.

Gísli Magnússon.

<u>Athugasemd</u>: Það skal getið í sambandi við 1. lið fundargerðarinnar, að samþ. var að leita eftir því, hvort hreppsbúar vildu ekki veita lán til að standast straum af stofnun bílsins. Samþ. að bjóða lánin út til 5 ára með 4% ársvöxtum, 20% árlegri afborgun og ábyrgð sveitarsjóðs.

Gísli Magnússon, Jón Sigurjónsson

Páll Jónsson Magnús Gunnarsson

Leó Jónasson

Fundargjörð

Laugardaginn þann 20 Marz 1943 var settur og haldinn almennur hreppsfundur að Ríp, með áður auglýstu fundarboði.
Fundinn setti oddviti hreppsins Gísli Magnússon að Eyhildarholti og nefndi hann til ritara Sigurð Ólafsson á Kárastöðum.

Gjörðir fundarins voru þessar:

I. Oddviti Gísli Magnússon las upp endurskoðaðan reikning sveitarsjóðs Rípurhrepps, og skýrði frá einstökum útgjaldaliðum reikningsins. Eftir litlar umræður var málið tekið af dagskrá og reikningarnir samþyktir samhljóða.

II. Spunavélarmál.
Páll Sigurðsson í Keldudal hóf máls um það hvort sveitarsjóður myndi vilja leggja fé til væntanlegra spunavélarkaupa; og bað framsögumaður fundarmenn að segja álit sitt um það. Gat framsögumaður þess að þegar væri komið á sjötta hundrað krónur í loforðum á fjárframlögum en meira fé myndi þurfa til að hrinda málinu í framkvæmd, og flutti svohljóð. tillögu „Fundurinn heimilar hreppsnefndinni í Rípurhreppi að leggja fram fé úr sveitarsjóði til ~~að~~ kaupa á spunavél að því leiti sem frjáls samskot og væntanlegur styrkur hrekkur ekki.“ Tillagan borin upp og samþ. með 6 atkvæðum gegn 2 atkvæðum.

III. Vegamál. Þá hóf oddviti máls á því að tillaga þyrfti að koma fram um fjárframlög til vegamála sýsluvegarins í hreppnum. Eftir nokkrar umræður kom fram svohljóðandi tillaga frá oddvita G. Magnússyni. „Fundurinn ályktar að sveitarsjóður veiti allt að 1500.00 - fimtán hundruð krónur - til sýsluvegarins í hreppnum. - Þó aldrei meir en fæst á móti af opinberu fé í venjulegu hlutfalli.“
Tillagan borin upp og samþykt samhljóða.

IV. Símamál. Þá flutti oddviti Gísli Magnússon svohljóðandi tillögu um símamál sveitarinnar.
„Fundurinn felur sýslunefnd að skora á símamálastjóra að vinna að því, að símalína verði lögð frá Hegranesi á þessu ári.“
Tillagan borin upp og samþykt samhljóða.

V. Fóðurtryggingarmál. Þá hóf Hróbjartur Jónasson máls á því að rétt væri að frekari athugun færi fram um fóðurtryggingu búpenings í framtíðinni.
Engin tillaga kom fram í málinu við umræður og það tekið af dagskrá.

VI Bifreiðarmál. Oddviti hreppsins Gísli Magnússon lagði fram og las upp reikninga bifreiðarinnar K. 38. Voru þeir yfir síðastliðna 4 mánuði er rekstraryfirlit var uppgjört fyrir.

Urðu nokkrar umræður um ~~ra~~ reksturinn „taxtagjaldið“ á mjólk og öðrum flutningum og var álit ræðumanna að bifreiðar-reksturinn gyði að „bera sig“ fjárhagslega.
Þá kom fram svohljóðandi tillaga frá oddvita Gísla Magnússyni
„Fundurinn kýs þriggja manna nefnd til að reka bílinn til 30. júní næstkomandi“.
Tillagan borin upp og feld með 6 atkvæðum gegn 3. atkvæðum.
Málið þar með tekið af dagskrá.

VII. Þá flutti Sigurður Þórðarson á Egg svohljóðandi tillögu um mjólkurflutningsgjaldið í hreppnum.
„Fundurinn ályktar að hafa eitt og sama flutningsgjald fyrir alla mjólk sveitinnar án tillits til þess, hvar hún sé tekin.“
Var tillagan rædd og svo borin upp til samþ.
En tillögumaður tók hana aftur og var málið þar með tekið af dagskrá.
Þá flutti Hróbjartur Jónasson svohljóðandi tillögu
„Fundurinn felur hreppsnefndinni að vinna að því að samræma flutningsgjöldin frekar en nú er t.d. með því að tekið verði upp gjald sem nefnt hefir verið „hleðslugjald“ ef það skyldi reynast framkvæmanlegt.“ Samþ. samhljóð.

VIII. Hrossaræktarfélagið.
Sigurður Ólafsson á Kárastöðum lagði fram reikninga „Hrossaræktarfélags Rípurhrepps.“ og ~~gjöld~~ lýsti því yfir að samningstími væri liðinn við sig um landleigu fyrir kynbótahross framvegis, og yrði ekki endurnýjaður til þessarar starfrækslu. Sömuleiðis skilaði Sigurður af sér ~~stöðum~~ stjórnarstörfum framvegis, og afhenti hreppsnefndinni gjörðabækur skjöl og sjóð félagsins.

XI. Formaður Fóðurbirgðafélags hreppsins Hróbjartur Jónasson á Hamri lagði fram Vigtar-Fóður og afurðarskýrslur félagsins fyrir árið 1941–1942, til athugunar fyrir fundinn og voru athugasemdir gerðar við þær engar gerðar, það sem þær náðu.

X. Fundargjörðin upplesin og samþykkt.
Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Sigurður Ólafsson
fundarritari.

## Fundargerð.

Hinn 26. apríl kom hreppsn. Rípurhr. saman í Eyhildarholti. Þetta gerðist á fundinum:

1. Jafnað niður hreppsvegagjaldinu á þessu ári. Samþ. að dagsverkin frá Utanverðunesi, Hellulandi, Keflavík og Garði, samtals 17, verði unnin í Nesvegi; dagsverkin frá [illegible] og Hegrabjargi verði unnin í [illegible], 46 alls, og ~~[illegible]~~ öll önnur hreppsvegadagsverk, samt. 49, verði unnin í [illegible].

2. Kosinn aðalmaður í skattan. hreppsins til næstu 6 ára. Kosningu hlaut:

Þórarinn Jónasson, Hróarsdal með 3 atkv.
Páll Sigurðsson í Keldudal fékk 2 —

Varamaður til jafnlangs tíma var kosinn:
Jón Sigurjónsson, Ási með 3 atkv.

Fleira ekki. Fundi slitið.

Gísli Magnússon Magnús Gunnarsson
Jón Sigurjónsson Páll Jónasson
Leó Jónasson

Hinn 14. maí 1943 hélt hreppsn. Rípurhr. fund að Eyhildarholti. Hreppsnefndarmenn voru allir mættir nema Magnús Gunnarsson.

Þetta gerðist:

1. Oddviti las upp bréf frá sýslumanni, þar sem skýrt var frá því, að innheimta mætti hreppsvegagjaldið með kr. 13.00 á þessu ári.
2. Oddviti skýrði frá því, að Viðvíkurhreppsbúar óskuðu eftir að K. 38 flytti vörur fyrir þá framvegis. Samþ. að fela oddvita að boða hreppsnefndarfund um málið að tilkvöddum fulltrúum frá Viðvíkurhr.
3. Lesið upp bréf frá Árna í Kitu, viðvíkjandi stöðvun á bílunum 28. apríl s.l. Engin ályktun tekin.
4. Borist hafði tilboð frá Sveini Gíslasyni um bílstjórn á K. 38 til hausts gegn því, að hann fengi í kaup 1/3 af brúttó tekjum bílsins. Samþ. að taka tilboðinu.

Fleira ekki. Fundargerð upplesin og samþ.

Gísli Magnússon Jón Sigurjónsson
Páll Jónasson Leó Jónasson

# Fundargerð.

Árið 1943, hinn    dag júlímán. kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman að Egilsholti til þess að jafna niður útsvörum fyrir árið 1943.

Þarfir hreppsins á árinu eru áætlaðar ca kr. 5500, og fyrir ómagameðl. og sjúkrahússtyrk ca. 4000 kr.

Var álagningu hagað þannig:

Af brúttotekjum var lagt 2‰ (0.2%)

" skuldlausri eign — — 4

" nettótekjum að frádr. ómagaframfæri, sem áætlað var 800 kr.

Fyrir ómaga var lagt 2% hjá bændum, en hjá búlausum 1%

Jafnað var niður alls kr. 9619.00

Ákveðið að leggja fram aukaframlag til Miðvegar, að upphæð 1000 kr., ef vinna fengist.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið

Gísli Magnússon.

# Fundargerð.

Árið 1943, 2. dag desembermán., kom hreppsn. Rípurhr. saman að Ási. Á þ. fundinum mætti Þórarinn í Hróarsdal í stað Páls bróður síns. Magnús í Utanverðunesi var ekki mættur, en í hans stað mætti Árni Gunnarsson varam.

Þetta gerðist:

1. Úthlutun ellilauna. — Frá Tryggingarst. ríkisins hafði oddvita borist tilkynning um að tillag það, er hún greiddi í hreppinn fyrir árið 1944 myndi nema kr. 148.84. Samþ., að hreppurinn leggi fram til viðbótar þeim upphæð kr. 471.16. Kemur þá alls til úthlutunar fyrir árið 1944 kr. 620.00.

Fjórar umsóknir höfðu borist hreppsn., og voru þær allar teknar til greina. Var úthlutun þannig:

Guðmundur Sigurðsson, [illegible], kr. 60.00

Guðrún Jónsdóttir, Bérgarði, kr. 60.00
Gunnar Ólafsson, Keflavík, — 60.00
Jóakim Jónasson, Sérnavík, — 440.00
Samt. kr. 620.00

2. Árni í Keflavík fór þess á leit, að ~~hrepps-~~ byggt ~~sú~~ yrði í vor upp á áleyfisjörð föður hans og eignarjörð hreppsins, Keflavík. Var málið rætt nokkuð, og var hreppsn. á einu máli um, að hin brýnasta þörf væri á að byggja upp á jörðinni. (Árni voru veitt frestur að taka fullnaðar-ákvörðun að þessu sinni). Fellst nefndin á að verða við umgetinni beiðni, enda fái hún í hendur skriflega umsókn frá að lúta[?] frá ábúanda.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Gísli Magnússon. Jón Sigurjónsson
Leó Jónasson ~~Þórarinn Jónasson~~
Árni Gunnarsson.

Fundargjörð

Mánudaginn 31. janúar 1944 var settur og haldinn almennur hreppsfundur að Rip. Hafði verið boðað til fundarins af oddvita hreppsins Gísla Magnússyni, og nefndi hann til ritara Sigurð Ólafsson að Kárastöðum.

Gjörðir fundarins voru:

I. Oddviti las upp og lagði fram fyrir fundinn endurskoðaða reikninga bifreiðarinnar K. 38. frá 1. Nóv. 1942 til 31. Des. 1943 ~~frá~~ frá því hann var keyptur - eða yfir 14 mánuði, sem bifreiðin hefir verið í flutningum á félags-svæðinu. Skýrði og ~~F~~ reiknings-haldari frá rekstrar-starfsemi yfir tímabilið, og gaf mjög gott yfir lit yfir flutninga á félagssvæðinu. —
- Urðu miklar umræður um reksturinn og ~~flutti~~ endurskoðandi reikninga bifreiðarinnar Sig. Ólafsson Bor hljóðandi tillögu fyrir fundinn.

a. „Fundurinn ályktar og samþykkir að rekstrarhalli bifreiðarinnar verði jafnaður með 25% gjaldi til hækkunar á flutningataxta gjalda þeim er gilt hefir á tímabilinu frá 1. Nóv. 1942 til 31. Desember 1943 á innan hrepps keyrslu:

6. Fundurinn telur og hyggilegt að taxti yfirstandandi árs sé miðaður við, að fyrir byggja rekstrarhalla í framtíðinni."
Tillagan var borin upp og samþykt samhljóða með öllum atkvæðum
Þá kom fram svohljóðandi tillaga frá endurskoðanda reikninga Sigurði Ólafssyni:
„Fundurinn samþykkir að greiða reikningshaldara bifreiðarinnar K. 38. Kr. 400.oo þóknun, fyrir reikningshald og fyrirhöfn, í þarfir rekstursins síðastliðið ár, og heimilar að veita þessa upphæð af sjóði rekstursins."
Tillagan borin upp og samþykt samhljóða.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundargjörðin upplesin og samþykt.
Guðl. Kemp. Sigurður Ólafsson
– fundarritari. –

Þá kom fram svohljóðandi tillaga frá Hróbjarti Jónassyni að Hamri
„Fundurinn kjósi einn mann til þess að kynna sér, hvað myndi kosta að byggja 6 mannahús á bílinn, það fullkomið að liðið verði af bifreiðar-eftirlitinu."
Tillagan samþykt samhljóða.
Þá var kosinn Hróbjartur Jónasson að Hamri til að athuga um þetta mál.
Þá kom fram svohljóðandi tillaga frá fundinum
Fundurinn lýsir ánægju sinni yfir samvinnu við bifreiðarstjóra K. 38 síðastliðið starfstímabil, og óskar eftir því eindregið, að þeir verði í þjónustu flutninga-félagsins í framtíðinni, og felur hreppsnefndinni að ráða þá – annan eða báða til starfsins áfram.

# Fundargerð.

Hinn 15. dag febrúarmán. 1944 kom hreppsnefnd Rípurhr. saman að Eyhildarholti.

Dagskrá fundarins:

1. Reikningur sveitarsjóðs árið 1943.
Tekjur sveitarsjóðs á árinu reyndust vera:

| | | |
|---|---|---|
| a. Eptirstöðvar f. f. ári | kr. 3554.71 | |
| b. Tekjur á árinu | - 10063.78 | kr. 13618.49 |
| Gjöld á árinu | | - 6424.14 |
| Eptirstöðvar til næsta árs | | kr. 7194.05 |

Skuldlaus eign sveitarsj. í árslok '43 kr. 13141.65

2. Samþ. að gefa eptir útsvar Jónasar Pálssonar, Beingarði, að upphæð kr. 57.21, með því að upplýst var, að honum var gert að greiða hátt útsvar á Akureyri.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Gísli Magnússon

# Fundargjörð

Föstudaginn þann 17. Marz 1944 var settur og haldinn almennur hreppsfundur að Rip. Oddviti hreppsins hr. Gísli Magnússon að Eyhildarholti setti fundinn og nefndi hann til fundarskrifara Sigurð Ólafsson frá Kárastöðum.
Gjörðir fundarins voru þessar:

I. Oddviti hreppsins las upp og lagði fram fyrir fundinn endurskoðaðan reikning sveitarsjóðs Rípurhrepps fyrir almanaks-árið 1943.
Urðu nokkrar umræður um reikninginn og var ~~a~~ hann tekinn af dagskrá.

II. Vegamál. Oddviti hreppsins tók þá til umræðu vegamál innan sveitar. Voru vegamálin rædd á víð og dreif og bentu sumir ræðumenn á að nú á næstunni myndi verða tækifæri til að fá stórvirkt vegagjörðartæki þar sem Búnaðarsamband Skagafjarðar myndi fá „Jarðýtu" næsta vor til jarðræktar, með tilheyrandi tækjum, og var samþykkt svohljóðandi tillaga í málinu:
„Fundurinn ályktar að fela fulltrúum Búnaðarfélags Rípurhrepps á aðalfundi Búnaðarsambands Skagafjarðar að beita sér fyrir því við stjórn Sambandsins og ráðunaut, að jarðýta sú er Búnaðarsamband

samband hefir fest kaup á, fáist hingað í hreppinn til vegagjörðar á vori komanda."
Tillagan borin upp og samþykt samhljóða með öllum atkvæðum.
Þá kom fram tillaga frá Sigurði Þórðarsyni að Egg um að kjósa nú þegar, þriggja manna nefnd til að vinna að þessu máli nú á næstunni, og taldi æskilegt að fulltrúar Búnaðarfélags Rípurhrepps er mynda mæta á Búnaðarsambandsfundi Skagafjarðar, yrðu í nefndinni (Hróbjartur Jónasson að Hamri og Ólafur Sigurðsson að Hellulandi) ásamt þriðja manni (Sigurður Þórðarson Egg eftir ósk Hróbjartar)
Bar oddviti upp þessa tillögu og var hún feld með 3: gegn 8 atkvæðum, og frestað nefndar kosningunni nú á þessum fundi. Hinsvegar taldi fundurinn rétt að kjósa nefndina að loknum fundi Búnaðarsambandsins, og málið þar með tekið af dagskrá.

III. Hreppsvegavinna. Þá var til umræðu hreppsvegavinnan í sveitinni og var ákveðið að láta sýsluvegaráðunautinn ákveða um hreppsvegastæðin, sérstaklega í Ásskiftingunni og að hreppsvegavinnan væri unnin árlega en ekki látin safnast fyrir ár frá ári. —

IV. Hrossakynbótanefnd. Þá var kosið í „Hrossakynbóta-nefnd", þessir voru kosnir:
Þórarinn Jóhannsson Ríp 9 atkv.
Einar Guðmundsson Ási 6 —
Leó Jónasson Svanavatni 3 —
Ýmsir aðrir fengu færri atkvæði.

V. Nautgripafélagsnefnd. Þá var kosið í „Nautgripafélags-nefnd", kosnir voru:
Páll Sigurðsson Keldudal.
Hróbjartur Jónasson Hamri.
Jón Sigurjónsson Ási.
– Allir kosnir með samhljóða atkvæðum

VI. Lestrarfélagið. Formaður og reikningshaldari „Lestrarfélags Rípurhrepps" Gísli Magnússon lagði fram og las upp endurskoðaða reikninga „Lestrarfélagsins" fyrir árið 1943. sýndi reikningurinn kr. 124.90/100 rekstrarhalla fyrir bókakaup og band á árinu. Bókavörður Páll Sigurðsson að Keldudal benti á það, að nauðsynlegt væri að taka ýmsar bækur félagsins „úr umferð" sökum þess að band væri bilað á þeim, og þyrftu þær aðgjörða.

Þá var kosin stjórn félagsins, og hlutu kosningu
Gísli Magnússon Eyhildarholti
Ólafur Sigurðsson Hellulandi
Páll Sigurðsson Steindudal.
Allir kosnir með samhljóða atkvæðum. —
og málið tekið af dagskrá.

VII. Áveitumál. Hróbjartur Jónasson Hamri hóf máls á því, hvort ekki væri tímabært að ábúendur á nokkrum býlum í hreppnum myndudu með sér áveitufélag til að vinna að engjaþurkun í sveitinni, og benti frummælandi á nauðsyn þess að vinna að þessu í framtíðinni.
Urðu nokkrar umræður um málið og var álit ræðumanna að þetta væri mesta nauðsynjamál.
Þá var kosinn þriggja manna nefnd til að vinna að stofnun „Áveitufélags" og hlutu kosningu
Gísli Magnússon Eyhildarholti
Sigurður Þórðarson Egg
Hróbjartur Jónasson Hamri
Nefndin var var kosin með samhljóða atkvæðum gegn einu atkvæði.

VIII. Bifreiðin K. 38. Þá hóf oddviti hreppsins Gísli Magnússon máls um Bifreiðina K. 38. Skýrði frummælandi frá að fram væri komið álit Hróbjartar Jónassonar Hamri um bygginga á 6 manna húsi á Bifreiðina K. 38 (sbr. fundargjörð 31 janúar 1944) Eftir að Hróbjartur hafði leitað sér ítarlegra upplýsinga um byggingakostnað á Bifreiðarskýlum hjá Tómasi Björnssyni smið á Sauðárkróki, sem er þaulkunnur og vanur bifreiðahúsasmiður taldist svo til að umrætt hús myndi kosta alt að Kr. 10.000 — tíu þúsund krónur, er myndi fullnægja bifreiðar-eftirlitinu, en ekkert væri enn frekar gert í málinu og lægi það fyrir fundinum til athugunar.

Þá skýrði frummælandi frá, að hreppsnefndin hefði ákveðið flutningagjöld á yfirstandandi ári, og hefði hún skift flutningasvæðinu í tvö verðlags-svæði með mismunandi flutninga-gjöldum.
Á „Útnesi" fram að og með Ási væri flutningsgjöld á mjólk 7 aura pr. kg. og Kr. 4.00 fyrir 100 kg vörur og eins fyrir farþega-báðar leiðir- á þessu svæði. (Kr. 4.00) en á „Framnesinu" væru flutningagjöldin 9 aura pr. kg. fyrir mjólk, vöruflutningar

væru Kr. 6.00 fyrir 100 kg. og Kr. 6.00 fyrir far-
þegja báðar leiðir – að og frá Sauðárkróki –
þess gat og ráðumaður að umgetin gjaldtaxti
væri aðeins tillögur til fundarins og væri hans
að taka ákvörðun um þessi mál nú á þessum
fundi fyrir framtíðina.
Tóku ýmsir fundarmanna til máls og voru
málin rædd frá ýmsum sjónarmiðum.
Hróbjartur Jónasson lýsti ánægju sinni yfir að
hreppsnefndin hefði samræmt meira flutninga-
gjöldin, en verið hefði undanfarið ár, og taldi
það mun réttari leið en verið hefði.
Sigurður Þórðarson leit svo á að reynandi væri
að semja við Kaupfélag Skagfirðinga, um flutn-
inga á félagssvæðinu og ef það tækist myndi
verða best að selja „Bifreiðina K. 38. ef hagkvæmir
samningar tækjust um það.
Páll Sigurðsson taldi flutningagjöldin há og lýsti
óánægju sinni yfir því ef ekki væri unt að lækka
gjöldin í framtíðinni,
Gísli Magnússon lýsti því yfir að hann gæti
ekki gefið neinar upplýsingar um að Kaupfél.
tæki að sér flutningana í framtíðinni.

Árni Sigurðsson áleit nauðsynlegt að eiga
Bifreiðina til að eiga meiri vissu fyrir að flut-
ningarnir stöðvuðust ekki á félagssvæðinu.
Leó Jónasson, taldi rétt að eiga Bifreiðina
því það myndaðist eign sem flutningafélagið
eignaðist smá saman. og yrðu menn að athuga það
Sigurður Þórðarson tók aftur til máls og hélt við
sína fyrri skoðun á málinu, að Kaupfélagið
annaðist flutningana
Hróbjartur Jónasson tók aftur til máls og hélt
fram þeirri skoðun að það myndi ekki verða
neinn hagnaður að því að leigja Bifreiðina K.38. í
vegavinnu því þá tapaðist hún frá flutningum
innan sveitar, og dagkaup Bifreiðarinnar myndi
fara að mestu í rekstrarkostnað – svo sem óðum
Bifreiðarstjórakaups, gummí m. m. – auk þeirra
miklu óþægjinda sem það myndi valda á flutninga
svæðinu.
Árni Sigurðsson tók aftur til máls, og hélt fram
fyrri skoðun sinni að ekki mætti selja Bifreiðina
því menn yrðu að gera sér ljóst hvað kostaði
að fá bifreiðar leigðar, eða ef menn hyrfu að því
ráði að flytja sjálfir að einhverju leiti, vörur sínar.

Páll Sigurðsson hélt fram fyrri skoðun sinni að ekki væri frá lagi að selja Bifreiðina ef t.d. fengist allt að 25 þúsund krónur fyrir hana eins og hún stæði nú; því flutningagjöldin væru orðin það há nú að þau étu upp stóran hluta af framleiðsluverði bænda á flutningasvæðinu.
Árni Sigurðsson tók enn til máls og mælti hann fastlega á móti því að selja bifreiðina.
Sigurður Þórðarson hélt fram þeirri skoðun að reynt væri að semja við Kaupfélagið til næstu tveggja ára, um flutningana og ef hagkvæmir samningar tækjust sæi hann ekkert á móti því að selja Bifreiðina K.38 undir þeim skilyrðum að flutningarnir yrðu alltaf tryggir á flutningasvæðinu, fyrir framleiðendur.
Hróbjartur Jónasson tók enn til máls og sagði hann á móti sölu Bifreiðarinnar meðan ekki lægi fyrir að fá ~~annan~~ aðra Bifreið keypta í hennar stað, sem væri hagkvæmari.
Sigurður Þórðarson tók enn til máls, og benti á þá þá leið, að selja Kaupfélaginu Bifreiðina og reynt yrði að láta Kaupfélagið annast hagkvæmari flutninga en nú væru, hvað gjöldin ákvæðu um á félagssvæðinu.

Hróbjartur Jónasson tók enn til máls og flutti í því sambandi tillögu um byggingu flutningaskýlis á 6 manna húsi, á Bifreiðina K.38. og var hún svohljóðandi:
„Fundurinn telur að svo komnu, ekki um annað að gera, en láta byggja 6 manna hús á bílinn K.38.

Þá flutti Sigurður Þórðarson svohljóðandi tillögu í málinu
„Fundurinn ályktar, ef hægt er, að selja K.S. bílinn við sem hæstu verði, og reyni að komast að samningum við félagið með flutninga til tveggja ára reyndust hagfeldari en þeir er hreppsbúar hafa nú við að búa."

Þá voru þessar tillögur teknar til umræðu
Árni Sigurðsson áleit að menn yrðu að gjöra sér ljóst hve mun þægilegra væri fyrir einstaklinga að hafa Bifreiðina heimilisfasta innan sveitar. — Aðrir tóku ekki til máls. —
Tillaga Sigurðar Þórðarsonar borin upp og samþykkt með 8 samhljóða atkvæðum.

Þá voru kosnir 2 menn til að semja við Kaupfélagið um framangreint tillögu efni og voru kosnir til þess:
Sigurður Þórðarson Egg og
Hróbjartur Jónasson Hamri.
kosnir með samhljóða atkvæðum.
Þá var borin upp tillaga Hróbjartar Jónassonar Hamri um byggingu 6 manna Bifreiðar skýlis - (sjá hér að framan. Var tillagan borin upp og samþykt með 3: 2 atkvæðum, aðrir fundarmenn greiddu ekki atkvæði um ~~mál~~ tillöguna og var málið þar með tekið af dagskrá.

IX. Ásetnings og fóðurgæslu mál.
Formaður „Fóðurbirgða félags Rípurhrepps" Hróbjartur Jónasson á Hamri flutti mál þetta, og taldi hann að fóðurgæslulögin þyrfti að endurskoða, og ~~[illegible]~~ taldi nauðsynlegt að endurbætur yrðu gjörðar á gildandi löggjöf um þessi mál.

X. Þá tók oddviti Gísli Magnússon til máls og bar það undir fundarmenn hvort þeir væru samþykkir gjaldtaxtanum á flutnings gjöldum Bifreiðarinnar kr. 38.- sbr mál VIII hér að framan.
Þá kom fram svohljóðandi tillaga frá Þór-arni Jóhannssyni Ríp, um að mjólkur flutn-ingsgjald yrði jafnt á flutninga svæðinu 3 aura pr. kg., en aðrir flutningar (fyrir vörur og farþega) yrðu með sama gjaldi og að framan greinir. Tillagan feld með 5: 1 atkvæðum
Lýsti tillögu maður því yfir að hann krefðist þess að mjólk heimilis síns yrði sótt heim í hlað ef hann yrði að greiða taxta gjald nefndarinnar á yfirstandandi ári.

Þá voru bornar upp og samþyktar til-lögur nefndarinnar sem að framan greinir með öllum samhljóða atkvæðum.
XI. Fundargjörðin upplesin og samþykt.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið
Sigurður Ólafsson
fundar ritari.

Ár 1944, þ. 10. maí, hélt hreppsnefnd [illegible] fund að [illegible].

Þetta var fyrir tekið:

I. Kosningar um lýðveldismálið. Samþ. að aðalkosningin fari fram sunnud. 21. maí, enda verði næsta dag eða næstu daga áður lokið fram fara heimaatkvæðagreiðsla þeirra, er þar eiga rétt á. Ennfremur samþ. að [illegible] 38 verði til [illegible] við [illegible] dag á hreppsins dag.

II. Kosnir í kjörstjórn með hreppstjóra:
Þórarinn Jóhannsson, [illegible] og
Gísli Magnússon, Eyhildarholti.
Til vara: Hróbjartur Jónasson, Hamri.
Kosningin hefjist kl. 1.

III. Lögð fram umsókn frá [illegible] hreppsins um kauphækkun úr kr. 6.00 upp í kr. 10.00
Samþ. í e. hlj.

Fleira ekki. Fundi slitið.

Gísli Magnússon    Magnús Gunnarsson
Leó Jónasson    Þórarinn Jónasson